

# Umhverfisskýrsla

með uppfærðri tillögu að landsskipulagsstefnu  
og viðbrögðum við athugasemdum

Landsskipulagsstefna 2013-2024

**Umhverfisskýrsla með tillögu að landsskipulagsstefnu - Landsskipulagsstefna 2013-2024**

Útgefandi: Skipulagsstofnun, [desemberseptember](#) 2012  
Texti: Skipulagsstofnun og VSÓ Ráðgjöf  
ISBN: 978-9935-9109-1-2

Skipulagsstofnun, Laugavegi 166, 150 Reykjavík [www.landsskipulag.is](http://www.landsskipulag.is)

# Efnisyfirlit

<b>Efnisyfirlit .....</b>	<b>3</b>
<b>1      Samantekt .....</b>	<b>5</b>
1.1    Umhverfisáhrif tillögu að stefnu fyrir miðhálendið .....	5
1.2    Umhverfisáhrif tillögu að stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar .....	9
1.3    Helstu niðurstöður .....	12
<b>2      Inngangur .....</b>	<b>13</b>
<b>3      Umhverfismat landsskipulagsstefnu .....</b>	<b>15</b>
3.1    Vinnuferli umhverfismatsins .....	15
3.2    Samræmi við stefnu stjórnvalda.....	17
3.3    Einkenni og vægi umhverfisáhrifa .....	17
3.4    Samráð og kynningar.....	19
3.5    Þáttur umhverfismats í landsskipulagsstefnu .....	19
3.6    Umhverfisþættir .....	19
<b>4      Valkostir / sviðsmyndagreining landsskipulagsstefnu .....</b>	<b>23</b>
4.1    Niðurstöður samráðsfundar um umhverfisáhrif sviðsmynda fyrir miðhálendið .....	23
4.2    Niðurstöður samráðsfundar um umhverfisáhrif sviðsmynda fyrir búsetumynstur .....	31
<b>5      Umhverfismat tillögu að stefnu fyrir miðhálendið .....</b>	<b>37</b>
5.1    Leiðarljós .....	37
5.2    Umhverfisáhrif tillögu að stefnu fyrir miðhálendið .....	4443
5.3    Eftirfylgni og aðgerðir.....	5251
5.4    Niðurstaða .....	5453
<b>6      Umhverfismat stefnu fyrir búsetumynstur og dreifingu byggðar .....</b>	<b>5655</b>
6.1    Leiðarljós .....	5655
6.2    Umhverfisáhrif stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar.....	6159
6.3    Eftirfylgni og aðgerðir.....	6563
6.4    Niðurstaða .....	6765
<b>7      Umhverfisáhrif landsskipulagsstefnu .....</b>	<b>6967</b>
7.1    Heildaráhrif landsskipulagsstefnu .....	6967
<b>8      Heimildir .....</b>	<b>7169</b>



# 1 Samantekt

---

Í þessum kafla er samantekt úr umhverfisskýrslu með tillögu að landsskipulagsstefnu sem unnin var samkvæmt lögum nr. 105/2006 um umhverfismat áætlana.

Umhverfismat tillögu að landsskipulagsstefnu var unnið samhliða gerð stefnunnar. Greining, umfjöllun og niðurstöður umhverfismatsins nýttust sem innlegg í stefnumótun fyrir tillögu að landsskipulagsstefnu. Með umhverfismati er stuðlað að því að mið sé tekið af umhverfissjónarmiðum við gerð tillögu að landsskipulagsstefnu, dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum og hugað að samræmi ýmissa áætlana sem í gildi eru. Í umhverfismatinu voru skilgreind helstu áhrif sem kunna að verða vegna landsskipulagsstefnu og lögð er til vöktun og ýmsar aðgerðir um eftirfylgni.

Umhverfisskýrslan var kynnt samhliða tillögu að Landsskipulagsstefnu 2013-2024 og almenningi og öðrum hagsmunaaðilum gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum um umhverfisáhrif tillögunnar innan þess tímarests sem gefinn var fyrir athugasemdir.

## 1.1 Umhverfisáhrif tillögu að stefnu fyrir miðhálendið

Í eftirfarandi köflum er samantekt um umhverfisáhrif af landsskipulagsstefnunni á skilgreinda umhverfisþætti, [sjá umfjöllun um skilgreinda umhverfisþætti í kafla 3.6](#).

### 1.1.1 Vatn

Markmið landsskipulagsstefnu um þrjár stórar verndarheildir sem ná yfir vatnasvið [og vatnasvæði](#) er líklegt til að hafa jákvæð áhrif á vatn og vatnsvernd. Stefnan felur í sér að orkunýting og mannvirki henni tengd séu utan verndarheilda. Þar sem stefnan gerir ekki ráð fyrir tilfærslu á vatni innan eða á milli vatnasvæða né er gert ráð fyrir jarðvarmavirkjunum innan verndarheilda er ekki líklegt að framfylgd stefnunnar hafi í för með sér aukið álag á grunnvatn.

Markmið stefnunnar um að vistkerfi styrkist og að jarðvegseyðing minnki á miðhálendinu er líklegt til að hafa jákvæð áhrif á miðlun vatns í jarðvegi, jafna flæði og draga úr flóðahættu.

### 1.1.2 Samfélag og byggð

Landsskipulagsstefnan felur í sér skilgreiningu stórra samfelldra verndarheilda og takmarkanir á uppbyggingu mannvirkja innan þeirra, með það að markmiði að viðhalda sérkennum og náttúrugæðum miðhálendisins, svo sem fágætum vistgerðum, ósnortnum víðernum, landslagi og verðmætum náttúru- og menningarmuinjum. Mun það líklega verða til að styrkja ferðaþjónustu sem byggir á þessari ímynd og er því líkleg til að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif.

Ekki liggur fyrir hvort nauðsynlegt er að byggja háspennulínu þvert yfir miðhálendið til að tryggja afhendingaröryggi á rafmagni til almennra nota. [Í tillögu að landsskipulagsstefnu er ekki gert ráð fyrir háspennulínu norður yfir miðhálendið og því](#) er [ekki hægt að leggja lagt](#) mat á samfélagsleg áhrif landsskipulagsstefnu hvað varðar þann þátt.

Markmið um rétt almennings til aðgengis að náttúru miðhálendisins er almennt líklegt til að hafa jákvæð áhrif á samfélag í gegnum bætta lýðheilsu og tækifæri til upplifunar á náttúru landsins.

Uppbygging þjónustu í jaðri miðhálendisins er líkleg til að hafa jákvæð efnahagsleg áhrif fyrir viðkomandi samfélög. Stefnan gerir ráð fyrir að stofnvegir um miðhálendið verði fyrst og fremst til sumarnota. Stefnan er því ekki líkleg til að hafa áhrif á ferðatíma milli landshluta.

Markmið um stýringu beitar og sjálfbæra nýtingu gróðurs til beitar getur haft jákvæð áhrif á samfélag og mögulega nýtingu auðlindarinnar til langa tíma.

### 1.1.3 Landslag og ímynd

Stórar samfelldar verndarheildir eru líklegar til að hafa jákvæð áhrif á landslag og auðvelda verndun stærri landslagsheilda og mun sú stefna styrkja eða viðhalda ímynd miðhálendisins og e.t.v. Íslands sem lands lítt snortinnar náttúru.

Landsskipulagsstefnan miðar að því að ekki verði fjölgun á miðhálendismiðstöðvum og skálasvæðum á miðhálendinu umfram það sem nú þegar hefur verið mótuð stefna um í aðalskipulagi sveitarfélaga og ný gistiþymi byggist upp í jaðri miðhálendisins. Stýring og uppbygging innviða getur dregið úr beinum neikvæðum áhrifum á landslag og ímynd.

Markmið landsskipulagsstefnu um tvö megin stofnvegi yfir miðhálendið og um skilgreiningu vega í skipulagsáætlunum er skref í átt að minni utanvegaakstri og getur hjálpað til við að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á viðkvæmt land. Stefna um að vegir falli að landslagi er líkleg til að viðhalda landslagi og einkennum á miðhálendinu.

Raflínur eru einn mesti áhrifaþáttur í opnu landslagi miðhálendisins. Þó að stefnan geri ráð fyrir að flutningskerfi raforku frá orkuöflun á miðhálendinu muni fylgja mannvirkjabelti munu raflínur vera sýnilegar víða að og hafa neikvæð áhrif á landslag á miðhálendinu. Neikvæð sjónræn áhrif geta náð út fyrir mannvirkjabelti.

### 1.1.4 Náttúra og jarðvegur

Stórar samfelldar verndarheildir samkvæmt markmiðum landsskipulagsstefnu eru líklegar til að hafa jákvæð áhrif á náttúrufar, sem stuðlar frekar að því að náttúran fái að þróast á eigin forsendum. Stórar verndarheildir styðja við vernd vistkerfa og fjölbreyttra jarðmyndana sem ná yfir stór svæði. Það leiðir m.a. til jákvæðra áhrifa á fugla sem byggja afkomu sína á búsvæðum á miðhálendinu.

Stefna um að uppbygging vegna orkunýtingar og tengdra mannvirkja verði utan verndarheilda er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á náttúru og jarðveg.

Uppbygging samgöngunets getur dregið úr og jafnað álag á viðkvæm svæði með því að dreifa og stýra betur umferð ferðamanna en nú er. Skýrari skilgreining vega sem taka mið af landslagi og staðháttum er til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum utanvegaaksturs á náttúru og jarðveg.

Stefna varðandi stýringu beitar er líkleg til að bæta gróðurþekju, vatnsbúskap og jarðveg og hafa þannig jákvæð áhrif á náttúrufar og jarðveg.

### 1.1.5 Loftslag

Spár Ferðamálastofu gera ráð fyrir að ferðamannastraumur muni aukast til landsins. Umferð ferðamanna til og frá landinu og um landið veldur losun gróðurhúsalofttegunda og fjölgun ferðamanna mun valda aukinni losun að öðru óbreyttu. Landsskipulagsstefnan leiðir í sjálfa sér ekki til fjölgunar ferðamanna og því ekki beint til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda.

Landsskipulagsstefnan gerir ekki ráð fyrir frekari orkuvinnslu vatns og jarðvarma á miðhálendinu og því hefur stefnan ekki áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda hvað það varðar.

Stefnan felur í sér að gætt verði jafnræðis milli mismunandi ferðamáta við skipulag samgangna og stuðlar þannig að notkun sjálfbærra samgöngumáta. Með þessu stuðlar stefnan að því að dregið verði úr losun, sem hefur jákvæð áhrif á loftslag.

Jarðvegsrof og gróðureyðing leiðir af sér losun gróðurhúsalofttegunda. Markmið um stórar verndarheildir og beitarstjórnun í landsskipulagsstefnu eru líkleg til að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda vegna jarðvegseyðingar og hafa þannig jákvæð áhrif á loftslag.

### 1.1.6 Niðurstaða

Á heildina litið er landsskipulagsstefna um miðhálendið líkleg til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Megin ástæða þess er að forsendur stefnumótunar lúta að því að viðhalda sérstöðu miðhálendisins og stefnu um samfelldar verndarheildir. Nokkur óvissa er þó um líkleg áhrif af mannvirkjum tengdum orkuflutningum á landslag og ímynd bar sem ákvarðanir um virkjanir og orkuflutninga á miðhálendinu liggja ekki fyrir. Eftirfylgni stefnunnar og önnur stefnumörkun, t.d. í verndar – og orkunýtingaráætlun, mun ráða endanlegum áhrifum. Mikilvægt er að eftirfylgnin taki mið af markmiðum landsskipulagsstefnunnar og markvisst verði unnið að afmörkun verndarheilda til að draga úr óvissu um endanleg áhrif á vatn og loftslag. Þannig má koma í veg fyrir möguleg neikvæð áhrif á landslag og tryggja jákvæð áhrif stefnunnar á samfélag, náttúru og landslag.

### 1.1.7 Eftirfylgni og viðmið

- Umfang skilgreindra verndarheilda á miðhálendinu. Skipulagsstofnun fylgist með framfylgd landsskipulagsstefnu við afgreiðslu og staðfestingu aðalskipulags.

- Stærð ósnortinna víðerna, sbr. lög um náttúruvernd. Umhverfisstofnun fylgist með.
- Þróun og verndun jarðmyndana, sbr. lög um náttúruvernd. Náttúrufræðistofnun Íslands annast.
- Könnun á viðhorfi ferðamanna, ferðabjónustuaðila, landvarða og nytjaréttarhafa til náttúru og upplifunar. Ferðamálastofa annast.
- Mannvirkjagerð á mannvirkjabeltum og utan þeirra. Skipulagsstofnun fylgist með við afgreiðslu og staðfestingu aðalskipulags.
- Fjöldi ferðamanna og gistenátta á helstu áfangastöðum miðhálendisins. Ferðamálastofa annast.
- Skilgreining vega og útfærsla í aðalskipulagi. Umhverfis- og auðlindaráðuneytið og Skipulagsstofnun við afgreiðslu og staðfestingu aðalskipulags.
- Jarðvegsrof á miðhálendi Íslands. Landgræðslan annast í samstarfi við sveitarfélögin.

## 1.2 Umhverfisáhrif tillögu að stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar

### 1.2.1 Vatn

Takmörkun á dreifingu byggðar og uppbyggingar utan þéttbýlis er forsenda fyrir skilvirkari fráveitu og stuðlar að verndun grunnvatns. Með þessari stefnu er líklegt að betri yfirsýn fáist yfir grunnvatnsnotkun og álagspunkta vegna fráveitu og stjórnun vatnsauðlindarinnar verði þar með markvissari. Stefnan er því líkleg til að hafa jákvæð áhrif á vatn. Með því að gera ekki ráð fyrir byggð á verndarsvæðum er ólíklegt að votlendi verði fyrir neikvæðum áhrifum. Með því að standa vörð um svæði með verndargildi vegna vatnsverndar svo sem með því að gera ekki ráð fyrir byggð á verndarsvæðum, né annarri landnotkun sem líkleg er til að hafa mengandi áhrif, er ólíklegt að vatn verði fyrir neikvæðum áhrifum.

### 1.2.2 Samfélag og byggð

Stefna um afmörkun og viðhald verndarsvæða og gott aðgengi íbúa að náttúru í daglegu umhverfi þeirra, styður við lífsgæði og stuðlar að betri lýðheilsu og hefur með því jákvæð áhrif á samfélag.

Stefna um að nýrri íbúðarbyggð verði almennt komið fyrir innan núverandi þéttbýlis eða í samfelli við byggð sem fyrir er, getur haft áhrif á staðsetningu og eðli þjónustu og atvinnulífs á hverjum stað og styrkt slíka starfsemi.

Samfelld og þétt byggð getur stuðlað að breyttum ferðavenjum með aukinni notkun almenningssamgangna og fjölgun hjólandi og gangandi. Breying á ferðavenjum íbúa er líkleg til að hafa áhrif á lýðheilsu vegna aukinnar hreyfingar og minni mengunar frá umferð.

Skipulag byggðar sem stuðlar að skilvirku og hagkvæmu grunnkerfi styður við sjálfbæra þróun og hefur jákvæð áhrif á samfélag.

Stefna um að flokka og vernda verðmætt landbúnaðarland styrkir landbúnaðarhéruðin og möguleika þeirrar til fjölbreyttari akuryrkju í framtíðinni. Aukin matvælaframleiðsla hefur jákvæð áhrif á fæðuöryggi.

Takmarkanir á ráðstöfun landbúnaðarlands til annarrar landnotkunar geta haft áhrif á rekstrargrundvöll bújarða.

### 1.2.3 Landslag og ímynd

Stefna um samfelldari íbúðarbyggð og frístundabyggð á afmörkuðum svæðum leiðir til heildstæðari náttúrulegra landslagsheilda og hefur þannig jákvæð áhrif á landslag og ímynd.

Stefna um að halda við bújörðum og draga úr byggingu stakra íbúðar- og frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á menningarlandslag.

Þéttung byggðar er líkleg til að draga úr þörf fyrir uppbyggingu innviða til að þjóna dreifðri byggð, svo sem vega og veitukerfa, sem aftur leiðir af sér minna rask á landslagi vegna mannvirkjagerðar og minni þörf fyrir efnisnám. Stefnan er því líkleg til að draga úr neikvæðum áhrifum á landslag.

#### 1.2.4 Náttúra og jarðvegur

Þéttung byggðar og takmarkanir á uppbyggingu utan þéttbýlis eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á viðhald og verndun búsvæða, vistkerfa og jarðmyndana.

Takmörkun á dreifingu byggðar dregur úr þörf fyrir uppbyggingu á þjónustukerfum. Með þessu er dregið úr neikvæðum áhrifum á náttúru vegna framkvæmda.

Takmarkanir á ráðstöfun landbúnaðarlands til annarrar landnotkunar getur dregið úr þörf á að brjóta nýtt land og óraskað undir ræktun.

#### 1.2.5 Loftslag

Með áherslu á þéttari, samfelldari og blandaðri byggð og styttri vegalengdir milli heimilis, vinnustaðar og nærbjónustu skapast grundvöllur til þess að breyta ferðavenjum og draga úr þörf á notkun einkabílsins. Landsskipulagsstefnan gerir ráð fyrir að mörkuð verði stefna um almenningssamgöngur í aðalskipulagi, svo sem á milli þéttbýlisstaða.

Aukin vernd svæða með verndargildi, einkum votlendis og skóga, er líkleg til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

#### 1.2.6 Niðurstaða

Á heildina litið er stefna um búsetumynstur líkleg til að valda fyrst og fremst jákvæðum áhrifum á þá umhverfispætti sem voru til umfjöllunar í matinu. Umfang áhrifa er þó háð eftirfylgni á síðari skipulagsstigum og sampættri vinnu sveitarfélaga.

Litið er svo á að dreifingu byggðar fylgi ákveðnir annmarkar svo sem aukinn kostnaður í viðhaldi, rekstri og þjónustu innviða, neikvæð áhrif á lýðheilsu vegna ferðavenja sem fylgja dreifðri byggð, rasks á náttúru og landslagi vegna mannvirkjagerðar. Litið er til landbúnaðarlands, menningarlandslags og óbyggðra svæða sem sérkenna með ákveðið verndargildi á ýmsum sviðum, svo sem fæðuframboðs, útvistar, menningar, sögu og náttúrufars.

#### 1.2.7 Eftirfylgni og viðmið

- Stefna um búsetumynstur í aðalskipulagi og samræmi við landsskipulagsstefnu m.h.a.;
  - fjölgun íbúða á landbúnaðarsvæðum án tengsla við búskap,
  - fjölgun íbúða innan þéttbýlis og í samfelli við byggð sem fyrir er,

- tengsl stefnu um búsetumynstur við íbúaþróun og hvernig stefnan tekur mið af samsetningu íbúðagerða, aldurssamsetningu íbúa og fjölskyldugerð.

Skipulagsstofnun fylgist með framfylgd við afgreiðslu og staðfestingu aðalskipulags.

- Kostnaður við uppbyggingu, rekstur og þjónustu grunnkerfa og ástand þeirra. Samband íslenskra sveitarfélaga og Samorka annast.
- Ferðalengdir og ferðavenjur. Vegagerðin og sveitarfélögin annast könnun á ferðavenjum.
- Losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum. Umhverfisstofnun og Hagstofan annast.
- Stærð landbúnaðarlands í heild og verðmæts landbúnaðarlands sérstaklega ræktanlegs lands. Skipulagsstofnun og LBHÍ með leiðbeiningum um flokkun landbúnaðarlands og yfirferð aðalskipulags.
- Greining á menningarlandslagi og ásýnd lands í aðalskipulagi. Skipulagsstofnun með gerð leiðbeininga um greiningu á landslagi og um hverfisvernd.

### 1.3 Helstu niðurstöður

Á heildina litið er landsskipulagsstefna líkleg til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Veigamestu jákvæðu áhrifin eru fólgir í afmörkun verndarheilda og með því leitast við að standa vörð um sérstöðu miðhálendisins og beina meiri háttar framkvæmdum á mannvirkjabelti.

~~Á meðan jákvæð áhrif vegna verndaráforma eru nokkuð ljós í landsskipulagsstefnunni er meiri óvissa um möguleg neikvæð áhrif vegna uppbryggingar í tengslum við orkuvinnslu, sérstaklega hvað varðar orkuflutning á landslag og ímynd.~~

Með landsskipulagsstefnu er sett fram sú heildarsýn að vöxtur byggðar eigi ekki að leiða til dreifingu hennar og stefnt skuli að sjálfbærari ferðamáta og hagkvæmu grunnkerfi með þéttari og blandaðri byggð. Huga á að lífsgæðum og landslagi í daglegu umhverfi íbúa.

Þá leggur stefnan til að landbúnaðarland verði flokkað og verðmætt land fyrir ræktun verði ekki tekið til annarrar landnotkunar með ásýnd menningarlandslags og framtíðar hagsmuni í landbúnaði að leiðarljósi.

Lögð verði áhersla á að skilgreina þau svæði sem ber að vernda vegna náttúru- og menningarminja og vatnsvernd t.d. sem hverfisverndarsvæði. Stefnumörkun sem þessi er líkleg til að hafa jákvæð áhrif í för með sér.

Samantekt umhverfisáhrifa af tillögu að landsskipulagsstefnu

Áhrif landsskipulagsstefnu	Vatn	Samfélag	Landslag og ímynd	Náttúra og jarðvegur	Loftslag
Skipulag miðhálendisins					
Búsetumynstur og dreifing byggðar					

Útskýringar	
	Jákvæð
	Óveruleg jákvæð
	Óvissa

## 2 Inngangur

---

Í umhverfisskýrslu þessari er gerð grein fyrir umhverfismati tillögu að landsskipulagsstefnu 2013 – 2024 samkvæmt lögum um umhverfismat áætlana nr. 105/2006. Gerð landsskipulagsstefnu byggir á skipulagslögum nr. 123/2010 og reglugerð um landsskipulagsstefnu nr. 1001/2011. Markmið landsskipulagsstefnu eru samkvæmt 1. gr. reglugerðar að setja fram leiðarljós um landnotkun, nýtingu lands og landgæða sem tryggi öryggi og heildarhagsmuni við gerð skipulagsáætlana og stuðlar að sjálfbærri þróun og skilvirkari áætlanagerð. Þá er landsskipulagsstefnu ætlað að stuðla að samræmingu í stefnumótun ríkis og sveitarfélaga um landnotkun og nýtingu lands. Ákvörðun um áherslur landsskipulagsstefnu hverju sinni tekur mið af þeim áskorunum sem við er að eiga á hverjum tíma á vettvangi skipulagsmála. Umhverfisráðherra ákvað að eftirtaldar áherslur yrðu lagðar til grundvallar við vinnslu landsskipulagsstefnu 2013-2024:

- Stefna um skipulagsmál á miðhálendi Íslands.
- Búsetumynstur – dreifing byggðar.
- Skipulag á haf- og strandsvæðum.



### 3 Umhverfismat landsskipulagsstefnu

---

Tilgangurinn með umhverfismati áætlunar er að tryggja að tekið sé tillit til umhverfissjónarmiða við gerð hennar og dregið úr neikvæðum umhverfisáhrifum við framfylgd hennar og þannig stuðlað að sjálfbærri þróun. Leitast var við að móta tillögu að landsskipulagsstefnu með hliðsjón af líklegum áhrifum hennar á umhverfið.

Í umhverfiskýrslunni er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum tveggja af þremur áherslum umhverfisráðherra, stefnu um skipulagsmál á miðhálandi Íslands og um búsetumynstur. Umhverfisáhrif tillögu landsskipulagsstefnu um næstu skref í skipulagi haf- og strandsvæða var ekki umhverfismetin þar sem ekki er um að ræða eiginlega stefnu um notkun eða nýtingu haf- og strandsvæða.

Gerð landsskipulagsstefnu fellur undir lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006, sbr. 18. gr. reglugerðar um landsskipulagsstefnu. Vinna við umhverfismat tillögu að landsskipulagsstefnu hófst með gerð matslysingar sem kynnt var í mars 2012. Þar var lýst umfangi og áherslum umhverfismatsins, sjá *Lýsing landsskipulagsstefnu 2013-2024* sem jafnframt inniheldur matslysingu vegna fyrirhugaðs umhverfismats tillögunnar.

Á kynningartíma lýsingar bárust athugasemdir frá sjö aðilum. Skipulagsstofnun fór yfir fram komnar athugasemdir og birti umsögn sína á heimasíðu sinni.

Umhverfismatið byggir á vinnu rýnihópa sem unnu á opnum samráðsfundum við greiningu á mikilvægum umhverfisþáttum, helstu umhverfisáhrifum sviðsmynda og heimildum og skýrslum sem lagðar voru til grundvallar stefnumótuninni. Sérfræðingar VSÓ Ráðgjafar og Skipulagsstofnunar unnu úr þessum upplýsingum og settu fram í umhverfisskýrslu. Umhverfisskýrslan var kynnt samhliða tillögu að landsskipulagsstefnu og almenningi var gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við umhverfisáhrif áætlunarinnar á auglýstum kynningartíma.

#### 3.1 Vinnuferli umhverfismatsins

Umhverfismatið var unnið samhliða móturn landsskipulagsstefnu. Skipta má matsvinnunni í þrjá megin áfanga;

1. umfang og áherslur umhverfismats,
2. móturn sviðsmynda og umhverfismat þeirra, og
3. móturn landsskipulagsstefnu og umhverfismat hennar.

Með umhverfismatinu hafa verið skilgreind helstu áhrif sem kunna að verða vegna landsskipulagsstefnu. Umhverfisþættir sem teknir voru til umfjöllunar í umhverfismatinu eru:

- Vatn
- Samfélag og byggð
- Náttúra og jarðvegur


- Landslag og ímynd
  - Loftslag

Helstu viðfangsefni umhverfismats í hverjum áfanga og tengsl þess við kynningar og samráð eru sýnd á mynd 1.

Mikilvægur grunnur í umhverfismati felst í að leggja mat á mismunandi raunhæfa valkostum stefnu og bera saman áhrif þeirra á umhverfið. Fyrir skipulag miðhlendis og búsetumynstur var stillt upp sviðsmyndum sem fólu í sér ólíka vakkostum stefnu, svo sem um samgöngu- og veitumál, verndun o.fl. Tilgangurinn með sviðsmyndunum var að fá fram umræðu um kosti og galla hinna ólíku sviðsmynda og meta umhverfisáhrif þeirra.

Umræða um sviðsmyndir fór fram á tveimur fundum. Fyrri fundurinn, sem var haldinn 29. mars 2012, fjallaði um miðhálendið og hann sóttu um 80 manns. Síðari fundurinn, sem var haldinn 18. apríl og fjallaði um búsetumynstur og dreifingu byggðar, var sóttur af um 30 manns. Á þessum fundum komu fram fjölbreytt sjónarmið um þær áherslur sem settar voru fram í sviðsmyndunum og hver væru líkleg áhrif beirra á umhverfið.

Niðurstöður matsins og samanburður á sviðsmyndum var nýttur til að móta og velja tillögu að stefnu fyrir viðkomandi viðfangsefni, þ.e. fyrir miðhálendið og búsetumynstur og til að rökstyðja landsskipulagsstefnu um skipulagsmál.



**Mynd 1.** Ferli og helstu áfangar umhverfismats.

### 3.2 Samræmi við stefnu stjórnvalda

Umhverfismat áætlana er tvíþætt, annars vegar er spáð fyrir um líkleg áhrif af framfylgd áætlunar á umhverfið og hins vegar er lagt mat á samræmi viðkomandi áætlunar við aðrar áætlanir og stefnu stjórnvalda. Umhverfisverndarmarkmið stjórnvalda á landsvísu eru nýtt sem viðmið til að meta hvort stefnan samrýmist eða brýtur í bága við stefnu stjórnvalda. Viðmiðin er að finna í alþjóðasamningum, lögum, stefnuskjölum og áætlunum á landsvísu og ákveðnum reglugerðum. Helstu alþjóðasamningar sem tekið er mið af eru Ramsarsamningur um votlendi, rammasamningur Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og samningur um líffræðilega fjölbreytni. Lög og reglugerðir sem setja viðmið eru t.d. skipulagslög, lög um náttúruvernd, lög um landgræðslu og þjóðminjalög.

Önnur viðmið og markmið er að finna í stefnuskjölum og áætlunum ríkisins og eru talin upp í skýrslu sem er hluti af gerð landsskipulagsstefnu *Greinargerð um áætlanir ríkisins á landsvísu*. Stefnuskjal umhverfisráðherra *Velferð til framtíðar* er mikilvægt í þessu samhengi en það dregur saman helstu skuldbindingar ríkisins og stefnumörkun á þessu sviði.

### 3.3 Einkenni og vægi umhverfisáhrifa

Við umhverfismatið er spáð fyrir um líkleg einkenni áhrifa, svo sem hvort þau eru jákvæð eða neikvæð, bein eða óbein og hvort þau vara til lengri eða skemmti tíma. Einnig er fjallað um mögulega óvissu um áhrif og tilefni hennar. Við mat á vægi áhrifa, t.d. hversu neikvæð eða jákvæð þau eru talin verða, var stuðst við vægiseinkunnir sem Skipulagsstofnun hefur gefið út í leiðbeiningum<sup>1</sup>, sjá töflu 1.

**Tafla 1.** Skýringar á hugtökum sem notuð eru til að meta vægi áhrifa á umhverfið af framfylgd landsskipulagsstefnu

Einkunn	Skýring
Óveruleg neikvæð áhrif	<p>Áhrif breyta ekki eða lítið einkennum umhverfisþáttar.</p> <p>Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítils fjölda fólks.</p> <p>Áhrifin rýra ekki verndargildi umhverfisþáttar.</p> <p>Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum svo sem um hljóðvist, 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 o.fl.</p> <p>Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.</p>
Neikvæð áhrif	<p>Breyting á einkennum umhverfisþáttar.</p> <p>Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks.</p> <p>Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþáttar.</p> <p>Áhrif framkvæmda kunna að vera í ósamræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum svo sem um hljóðvist, 37. gr. laga um náttúruvernd nr. 44/1999 o.fl.</p> <p>Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.</p>
Veruleg neikvæð áhrif	<p>Veruleg breyting á einkennum umhverfisþáttar.</p> <p>Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks.</p> <p>Áhrif framkvæmda eru ekki í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum svo sem um hljóðvist, 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 o.s.frv.</p> <p>Áhrifin rýra verndargildi umhverfisþáttar verulega.</p> <p>Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.</p>
Óveruleg jákvæð áhrif	<p>Jákvæð áhrif á einkenni umhverfisþáttar eru lítil eða engin.</p> <p>Áhrifin eru staðbundin og/eða ná til lítils fjölda fólks.</p> <p>Áhrifin auka ekki verndargildi umhverfisþáttar.</p> <p>Áhrif framkvæmda eru í samræmi við viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum svo sem um hljóðvist, 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 o.s.frv.</p> <p>Áhrifin eru tímabundin og að öllu eða nokkru leyti afturkræf.</p>
Jákvæð áhrif	<p>Jákvæð breyting á einkennum umhverfisþáttar.</p> <p>Áhrifin eru svæðisbundin og/eða ná til nokkurs fjölda fólks.</p> <p>Áhrifin auka verndargildi umhverfisþáttar.</p> <p>Áhrif framkvæmda samræmast eða ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum svo sem um hljóðvist, 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 o.s.frv.</p> <p>Áhrifin geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.</p>
Veruleg jákvæð áhrif	<p>Veruleg jákvæð breyting á einkennum umhverfisþáttar.</p> <p>Áhrifin eru marktæk á svæðis-, lands- eða heimsvísu og/eða ná til mikils fjölda fólks.</p> <p>Áhrif framkvæmda ganga lengra en viðmið í lögum, reglugerðum, stefnumörkun stjórnvalda og alþjóðasamningum svo sem um hljóðvist, 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999 o.s.frv..</p> <p>Áhrifin auka verndargildi umhverfisþáttar verulega.</p> <p>Áhrifin eru til langs tíma og óafturkræf.</p>
Óvissa	<p>Þörf á frekari rannsóknum eða upplýsingum.</p> <p>Óljós eftirfylgni og útfærsla stefnu.</p>

### **3.4 Samráð og kynningar**

Yfirlit yfir samráð og kynningar við móturn landsskipulagsstefnu er að finna í *Landsskipulagsstefnu 2013-2024, miðhálendið, búsetumynstur og haf- og strandsvæði*, í kafla 1.4 um samráð, áherslur og sviðsmyndir.

### **3.5 Þáttur umhverfismats í landsskipulagsstefnu**

Við móturn landsskipulagsstefnu var leitast við að samþætta umhverfismatið við ferlið allt frá fyrstu stigum. Á þann hátt var umhverfismat áætlana notað við móturn stefnunnar ásamt því að meta líkleg áhrif hennar í heild eða einstaka hluta hennar. Virkni umhverfismatsferlisins er hvað mest þegar það er nýtt samhliða stefnumótun og notað til að spryja grundvallar spurninga svo sem um þörf fyrir tiltekna stefnu eða uppbyggingu og mögulega kosti, ásamt greiningu á mögulegum afleiðingum. Slík valkostaumræða á fyrstu stigum getur verið mikilvægur farvegur til að tryggja að við móturn skipulagsstefnu sé tekið tillit til umhverfissjónarmiða og umhverfisvernd og sjálfbær þróun höfð að leiðarljósi.

Umhverfismat hafði áhrif á gerð landsskipulagsstefnunnar með því að;

- nýta umfjöllun um valkosti (sviðsmyndir) við móturn landsskipulagsstefnu,
- tryggja að við móturn samræmdirar landsskipulagsstefnu hafi verið litið til megin viðfangsefna umhverfismála á landsvísu,
- skilgreina mögulegar aðgerðir til að tryggja eftirfylgni með þróun umhverfispáttu og helstu viðfangsefna umhverfismála í landsskipulagsstefnu.

### **3.6 Umhverfispættir**

Á samráðsfundi 3. febrúar 2012 voru til umræðu þær áherslur sem ráðherra óskaði eftir að teknar yrðu fyrir í landsskipulagsstefnu og viðfangsefni sem þeim tengjast. Í kafla 1.4.2 í landsskipulagsstefnuheftinu eru tilgreind viðfangsefni sem fundarmenn töldu að marka ætti stefnu um. Í ljósi þeirra áherslra og með hliðsjón af stefnuskjölum stjórnvalda sem tengjast þessum áherslum, voru skilgreindir helstu umhverfispættir sem hafa vægi á landsvísu og eðlilegt er að leggja til grundvallar í umhverfismati við móturn landsskipulagsstefnunnar. Í töflu 2 eru þessir umhverfispættir tilgreindir ásamt skýringu á hvaða þættir eru helst taldir valda áhrifum á viðkomandi umhverfispátt auk þess sem helstu áætlanir sem tengjast viðkomandi umhverfispætti eru tilgreindar. Í þessum kafla er gerð grein fyrir þessum umhverfispáttum og tengdum umhverfisvandamálum, þ.e. hvað helst veldur álagi og áhrifum á umhverfispættina.

**Tafla 2.** Umhverfisþættir

Umhverfisþættir	Skýring - Áhrifaþættir	Tengsl við aðrar áætlanir og stefnuskjöl
<b>Vatn</b>	<p>Landnotkun á og við mikilvægt vatnsverndarsvæði getur haft áhrif á gæði vatns.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orkunýting og orkuflutningur</li> <li>• Samgöngur og ferðapjónusta</li> <li>• Búsetumynstur og dreifing byggðar</li> </ul>	Lög um stjórn vatnamála nr.36/2011
<b>Samfélag og byggð</b>	<p>Samfélag kann að verða fyrir áhrifum vegna landsskipulagsstefnu.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orkunýting og orkuflutningur</li> <li>• Búsetumynstur og dreifing byggðar</li> <li>• Samgöngur og ferðapjónusta</li> </ul>	Byggðaáætlun 2010-2013 Ferðamálaáætlun 2011-2020 Ísland 2020 – sókn fyrir atvinnulíf og samfélag Samgönguáætlun 2011-2022 Orkustefna fyrir Ísland
<b>Landslag og ímynd</b>	<p>Landsskipulagsstefna getur haft áhrif á landslag og ásýnd.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orkunýting og orkuflutningur</li> <li>• Verndarheildir</li> <li>• Samgöngur og ferðapjónusta</li> <li>• Búsetumynstur og dreifing byggðar</li> </ul>	Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 Hvítbók um náttúruvernd Landslagssamningur Evrópu
<b>Náttúra og jarðvegur</b>	<p>Landsskipulagsstefna getur haft áhrif á náttúrufar, sem er fjölbreyttur umhverfisþáttur.</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Orkuvinnsla og orkuflutningur</li> <li>• Beitarmál og gróðurnýting</li> <li>• Samgöngur og ferðapjónusta</li> </ul>	Landgræðsluáætlun 2003-2014 Stefnumörkun Íslands um framkvæmd samnings um líffræðilega fjölbreytni Náttúruminjaskrá Náttúruverndaráætlun 2009-2013 Tillaga til þingsályktunar um verndar- og orkunýtingaráætlun
<b>Loftslag</b>	<p>Landsskipulagsstefna getur haft áhrif á loftslag á losun gróðurhúsalofttegunda</p> <ul style="list-style-type: none"> <li>• Samgöngur og ferðapjónusta</li> <li>• Búsetumynstur og dreifing byggðar</li> </ul>	Aðgerðaáætlun í loftslagsmálum Samgönguáætlun

### 3.6.1 Vatn

Vatn er mikilvæg auðlind og vernd og viðhald vatnasviða nauðsynlegt til að tryggja að allir íbúar landsins eigi kost á heilnæmu vatni til neyslu og annarra nytja. Byggð, virkjanir og önnur landnotkun hefur áhrif á vatn.

Í lýsingu var gert ráð fyrir að leggja mat á áhrif landsskipulagsstefnunnar á vatn og sjó, einkum vegna stefnu um skipulag haf- og strandsvæða. Þar sem ekki var lögð fram eiginleg stefna um notkun, nýtingu og vernd haf- og strandsvæða var ekki fjallað um þessa áhrifaþætti í umhverfismatinu. Vinna vegna landsskipulagsstefnu snerist fyrst og fremst um að draga upp heildarmynd af grunnástandi haf- og strandsvæða og að skilgreina nánar áhersluatriði um næstu skref hvað varðar skipulag haf- og strandsvæða. Í umhverfismati landsskipulagsstefnunnar er heiti umhverfiþáttarins vatn í stað vatn og sjór.

### 3.6.2 Samfélag og byggð

Með búsetumynstri er átt við dreifingu og þéttleika byggðar og búsetu, í þéttbýli og dreifbýli. Í landsskipulagsstefnu er kastljósínu fyrst og fremst beint að búsetumynstri í dreifbýli, án tengsla við búskap. Stefna um búsetumynstur getur haft mikil áhrif á samfélag og byggð, svo sem efnahagsleg áhrif vegna kostnaðar við grunnkerfi og þjónustu við íbúa. Búsetumynstur hefur jafnframt áhrif á aðgengi íbúa að þjónustu og styrk og sjálfsmynd samfélaga. Yfirbragð byggðar, samsetning landnotkunar og vegakerfi ræðst af búsetumynstri.

Nýjar áskoranir á sviði náttúrvár eru viðfangsefni sem m.a. kemur til vegna loftslagsbreytinga. Þar má nefna áhrif hækunar sjávarborðs á byggð við strendur landsins og aukna tíðni ofsaveðra. Nýjar áskoranir á sviði náttúrvár er viðfangsefni sem m.a. kemur til vegna loftslagsbreytinga og áhrifa hækunar sjávarborðs á byggð við strendur landsins. Í upphafi stefnumótunarvinnu var talin þörf á að fjalla um hvernig bregðast eigi við þessum nýju forsendum við skipulag byggðar við strendur landsins. Í fyrirliggjandi landsskipulagsstefnu er ekki sett fram stefna um notkun, nýtingu né vernd haf- og strandsvæða og því var þessi málaflokkur ekki til frekari umfjöllunar í umhverfismatinu. Önnur náttúrvár, svo sem ofanflóð, jarðskjálftar og eldosavirkni tengist jafnframt búsetumynstri og hefur áhrif á samfélag og byggð en var ekki til umfjöllunar að þessu sinni. Mikilvægt er að náttúrvá verði til ítarlegrar umfjöllunar í fyrstu endurskoðun landsskipulagsstefnunnar.

### 3.6.3 Landslag og ímynd

Verndun lands og varðveisla ósnortinna víðerna á miðhálendinu er mikilvægt viðfangsefni í tengslum við náttúru, útivist og ferðamennsku. Viðáttumikil víðerni og fjölbreytt landslag og náttúra eru mikilvægar stoðir í ímynd landsins.

Uppbygging í orkuflutningi kann að hafa neikvæð áhrif á landslagsheildir og ásýnd lands á miðhálendinu. Í opnu og viðáttumiklu landslagi sem einkennir þetta svæði eru mannvirki sem fylgja orkuöflun, sérstaklega raflínur, sýnileg. Þessi sjónrænu áhrif geta náð út fyrir mannvirkjabelti miðhálendisins.

Álag á náttúru miðhálendisins vegna uppbyggingar og fjölgunar ferðamanna er mikilvægt viðfangsefni. Þar koma einkum til skoðunar stefnumið sem varða uppbyggingu þjónustu á miðhálendinu og á hvaða hátt er hægt að stuðla að uppbyggingu ferðaþjónustu á sjálfbæran hátt til framtíðar.

Breytingar á búsetulandslagi vegna breytinga á búsetumynstri er viðfangsefni sem tengist ört vaxandi frístundabyggð og nýrri byggð án tengsla við landbúnað í sveitum landsins, sérstaklega á suður- og vesturhluta landsins. Öll þessi viðfangsefni hafa verið til umfjöllunar á samráðsfundum vegna landsskipulagsstefnu og umhverfismats. Sérstök áhersla var á sampil lítt snortinnar náttúru, ferðamennsku og orkuframleiðslu.

### 3.6.4 Náttúra og jarðvegur

Uppblástur og jarðvegsrof eru umhverfisvandamál sem eru til umfjöllunar, einkum í tengslum við skipulagsmál á miðhálendi Íslands. Gróðurþekja og jarðvegur á eldvirka beltinu og víða á miðhálendinu eru viðkvæm fyrir búfjárbeit, á lagi af völdum ferðamanna og notkun lands vegna orkuvinnslu og orkuflutnings. Uppblástur á miðhálendinu getur haft áhrif á loftgæði. Uppblástur eða rof er einnig vandamál í byggð á viðkvæmum svæðum á Norður- og Suðurlandi<sup>2</sup>. Í landsskipulagsstefnu er fjallað um jarðvegsrof með sérstakri áherslu á takmörkun og stýringu beitar. En einnig er fjallað um möguleg neikvæð áhrif vegna aukins fjölda ferðamanna og umsvifa þjónustu við þá.

### 3.6.5 Loftslag

Loftslagsmál og útblástur vegna samgangna er mikilvægt viðfangsefni í skipulagsmálum til langa tíma litið. Ýmsar aðgerðir hafa verið tilgreindar m.a. í aðgerðaráætlun ríkisstjórnarinnar í loftslagsmálum og í *Samgönguáætlun 2011-2022*. Í landsskipulagsstefnu er fyrt og fremst fjallað um þetta málefni í tillögu að stefnu um búsetumynstur og markmiðum um sjálfbærni í samgöngum.

## 4 Valkostir / sviðsmyndagreining landsskipulagsstefnu

Tillaga að landsskipulagsstefnu byggir á umfjöllun samráðsfunda um ólíka valkosti stefnu fyrir hvert viðfangsefni, svokallaðar sviðsmyndir og niðurstöðum þeirrar umfjöllunar um áhrif einstakra sviðsmynda á umhverfið. Fyrir umfjöllun á samráðsfundum var stiltt upp fimm sviðsmyndum fyrir hugsanlega stefnu um miðhálendið og þremur sviðsmyndum fyrir hugsanlega stefnu um búsetumynstur. Ekki var unnið með sviðsmyndir fyrir haf- og strandsvæði en áhersla lögð á að kortleggja núverandi notkun og vernd. Nánari umfjöllun um vinnu við sviðmyndagreiningar er að finna í *Greinargerð um útfærslu sviðsmynda fyrir samræmda stefnu*. Í 5. kafla umhverfisskýrslu þessarar er birt tillaga að landsskipulagsstefnu eins og hún er auglýst og umhverfismat hennar.

### 4.1 Niðurstöður samráðsfundar um umhverfisáhrif sviðsmynda fyrir miðhálendið

Sviðsmyndir sem voru bornar saman fyrir miðhálendið eru fimm talsins:

1. Óbreytt stefna
2. Þjónustumiðuð uppbygging
3. Samræmd verndun og nýting (A)
4. Samræmd verndun og nýting (B)
5. Verndarmiðuð nýting

Í næstu köflum er gerð grein fyrir niðurstöðum samráðsfundar um umhverfisáhrif þessara sviðsmynda.

#### 4.1.1 Óbreytt stefna

Í þessari sviðsmynd er ekki gert ráð fyrir frekari verndun lands en nú er á miðhálendinu. Mörk þjóðgarða og friðlýstra svæða verði óbreytt og aðrar verndarheildir skilgreindar sem hverfisvernd í aðalskipulagi sveitarfélaga. Skipulagsmál sveitarfélaga á miðhálendinu verði ekki samræmd. Orkunýting og orkuflutningur verði með sama hætti og verið hefur og ekki verði ráðist í sérstakar aðgerðir eða uppbyggingu vegna fjölgunar ferðamanna. Samgöngumál verði í sama horfi og nú er.

#### Áhrif á vatn og sjó

Möguleiki er á að óbreytt stefna leiði til aukinnar hættu á mengun á vatnasvæðum.

#### Áhrif á samfélag og byggð

Orkuvinnsla og -flutningur getur haft jákvæð efnahagsleg áhrif á samfélag (sveitarfélög) þar sem tækifæri skapast til uppbyggingar á orkufrekum iðnaði og með því fjölgun starfa á viðkomandi svæði, sérstaklega á framkvæmdatíma. Óvissa er um varanleika efnahagslegra jákvæðra áhrifa þar

sem varanleiki áhrifa verður háður fjölda starfa sem kemur inn á svæðið í kjölfar virkjanaframkvæmda. Neikvæð áhrif á samfélag felast í að ráðast ekki í samgöngubætur á miðhálendinu og samhliða að byggja upp aukna þjónustu og aðstöðu fyrir ferðamenn.

#### Áhrif á landslag og ásýnd

Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuvinnslu hafa í flestum tilvikum neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Fjölgun ferðamanna án sérstakra aðgerða eða stýringar mun vegna aukins álags auka hættu á raski á landslagi og ásýnd svæða.

#### Áhrif á náttúru og jarðveg

Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuvinnslu hafa í flestum tilvikum neikvæð áhrif í för með sér á náttúru. Fjölgun ferðamanna án sérstakra aðgerða eða stýringar mun vegna aukins álags auka hættu á raski á viðkvæmum svæðum á miðhálendinu.

#### Áhrif á loftslag

Óbreytt stefna mun að öllum líkindum ekki hafa afgerandi bein áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Óvist er hvort aðgerðir á miðhálendinu hafi afgerandi áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda. Óbein áhrif kunna að verða talsverð, sem felast í raforkuframleiðslu fyrir mengandi stóriðju.

### 4.1.2 Þjónustumiðuð uppbygging

Í þessari sviðsmynd er ekki gert ráð fyrir frekari vernd náttúru- og menningarminja en nú er á miðhálendinu. Mörk þjóðgarða og friðlýstra svæða verði óbreytt og aðrar verndarheildir skilgreindar sem hverfisvernd í aðalskipulagi sveitarfélaga. Uppbygging í orkunýtingu verði á nýjum svæðum en einnig verði leitast við að mæta orkuþörf á þegar skipulögðum orkunýtingarsvæðum. Orkunýting og flutningur miði að því að þjóna þörf fyrir uppbyggingu iðnaðar í þeim landshluta þar sem virkjað er og eftir atvikum fjarri orkuvinnslusvæðum. Sviðsmyndin gerir ráð fyrir að auka til muna aðgengi að miðhálendinu og að aðgengi að einstaka svæðum ráðist meira af eftirspurn en markaðri stefnu. Byggt verði upp net uppbyggðra stofnvega um miðhálendið og öflugar þjónustumiðstöðvar í tengslum við það. Vöruflutningar fari að einhverju leyti um miðhálendisvegi. Gistírýmum fjöldað og framboð af þjónustu ráðist af eftirspurn. Staða beitarmála verði með svipuðum hætti og nú er. Ekki verði um að ræða samræmda stýringu á nýtingu lands til beitar, en eftir atvikum beitt ítölu ef þörf er á.

#### Áhrif á vatn og sjó

Nýjar virkjanir hafa áhrif á vatnasvæði. Helstu neikvæðu áhrifin felast í því ef vatn er fært á milli vatnasvæða. Aukin umferð ferðamanna og vöruflutninga kann að valda neikvæðum áhrifum á vatnasvæði/grunnvatn. Óvissa m.t.t. staðsetningar vega og umfangs og eðlis flutninga svo sem olíuflutninga.

#### Áhrif á samfélag og byggð

Orkuvinnsla og -flutningur hefur jákvæð efnahagslega áhrif á samfélag (sveitarfélög). Óvissa er um varanleika jákvæðra áhrifa. Aukin uppbygging á miðhálendinu dregur úr keyptri þjónustu í þéttbýli. Mikilvægt er að huga að öryggi vegfarenda um miðhálendið vegna færðar og veðurs.

#### Áhrif á landslag og ásýnd

Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuvinnslu, vegagerð og þjónustustöðvum hafa í flestum tilvikum neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Stofnvegir fyrir vörurflutninga munu hafa verulega neikvæð áhrif á ásýnd miðhálendisins. Fjölgun ferðamanna eykur líkur á skertri ímynd miðhálendisins sem lítt snortins svæðis og raska landslagi. Gott samgöngukerfi dregur úr líkum á utanvegaakstri og getur hjálpað til við að stýra ferðamönnum og dreifa álagi á miðhálendinu.

#### Áhrif á náttúru og jarðveg

Umfangsmiklar framkvæmdir hafa í flestum tilvikum neikvæð áhrif í för með sér á náttúru og jarðveg. Uppbygging samgöngunets getur dregið úr álagi á viðkvæm svæði með því að dreifa betur ferðamönnum og álagi. Mikilvægt er að horfa til staðarvals uppbyggingar m.t.t. vistkerfa. Neikvæð áhrif fylgja ofbeit og því þarf að auka beitarstýringu.

#### Áhrif á loftslag

Óbein áhrif af virkjunum kunna að verða talsverð vegna losunar gróðurhúsalofttegunda, þ.e. vegna aukinnar stóriðju á Íslandi og þar af leiðandi aukinnar losunnar.

### 4.1.3 Samræmd verndun og nýting (A)

Í þessari sviðmynd er gert ráð fyrir að styrkja þá verndun sem er til staðar og mynda stórar verndarheildir á grundvelli friðlýsingar. Skilgreindar verði þjár til fjórar samfelldar verndarheildir þar sem landnotkun verður samhæfð. Núverandi þjóðgarðar, svæði sem njóta verndar samkvæmt lögum og hverfisverndarsvæði verði tengd saman og notkun lands stjórnað á samræmdan hátt. Uppbygging í orkunýtingu verði á núverandi og þegar skipulögðum orkunýtingarsvæðum. Megin orkuflutningsleiðir geti mögulega legið yfir miðhálendið á afmörkuðu belti um miðbik hálendisins. Tveir uppbyggðir stofnvegir verði yfir miðhálendið og um þá fari megin umferðin. Út frá þessum stofnvegum verði svo skilgreint net annarra vega og slóða og öll umferð utan þeirra verði bönnuð. Uppbygging gistirýmis verði í jaðri miðhálendisins og í byggð. Önnur uppbygging ferðamannastaða og þjónustu miði að því að dreifa álagi á miðhálendið, fremur en að bregðast við þörf fyrir uppbyggingu á þegar skipulögðum þjónustusvæðum. Beitarmál verði með svipuðum hætti og nú er og beit búfjár heimil þeim sem til þess hafa nytjarétt. Ekki verði um að ræða samræmda stýringu á notkun lands til beitar, en eftir atvikum beitartímanum stjórnað og beitt ítölu ef þörf er á.

#### Áhrif á vatn og sjó

Nýjar virkjanir hafa áhrif á vatnasvæði. Helstu neikvæðu áhrifin verða ef vatn er fært á milli vatnasvæða. Aukin umferð ferðamanna og vörurflutninga kann að valda neikvæðum áhrifum á vatnasvæði/grunnvatn. Óvissa m.t.t. staðsetningar vega og umfangs og eðlis flutninga svo sem olíuflutninga. Óvissa er um áhrif uppbyggingar gistirýma í jaðri miðhálendis á vatnafar.

#### Áhrif á samfélag og byggð

Orkuvinnsla og -flutningur hefur jákvæð efnahagslega áhrif á samfélag (sveitarfélög). Óvissa er um varanleika jákvæðra áhrifa. Stefnan kann að hafa neikvæð efnahagsleg áhrif á landshluta ef frekari virkjanakostir eru ekki nýttir. Stofnvegir um miðhálendið stytta flutningsleiðir fyrir fólk og vörur, sérstaklega milli Suðvesturlands, Norðurlands og Norðausturlands. Mögulega verða jákvæð efnahagsáhrif á þéttbýli ef byggð verða upp gistirými í jaðri miðhálendisins og unnt verður að bjóða upp á fjölbreyttari og dýrari þjónustu. Mikilvægt að huga að öryggi vegfarenda um

miðhálendið vegna færðar og veðurs. Stofnvegir geta dregið úr rekstrarmöguleikum annarra samgöngumáta svo sem flugsamgangna og strandsiglinga.

#### Áhrif á landslag og ásýnd

Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuflutningum og vegagerð hafa í flestum tilvikum neikvæð sjónræn áhrif. Raforkuflutningar og stofnvegir fyrir vöruflytninga munu hafa veruleg neikvæð áhrif á ásýnd miðhálendisins. Fjölgun ferðamanna eykur líkur á skertri ímynd miðhálendisins sem lítt snortins svæðis og getur raskað landslagi. Gott samgöngukerfi og ströng stýring dregur úr líkum á utanvegaakstri og getur hjálpað til við að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á viðkvæmt land.

#### Áhrif á náttúru og jarðveg

Umfangsmiklar framkvæmdir hafa í flestum tilvikum neikvæð áhrif í för með sér á náttúru og jarðveg. Uppbygging samgöngunets getur dregið úr á lagi á viðkvæm svæði með því að dreifa betur ferðamönnum. Mikilvægt að horfa til staðarvals uppbyggingar m.t.t. vistkerfa. Neikvæð áhrif fylgja ofbeit og þarf að auka beitarstýringu. Ákveðin óvissa er um áhrif aukins aðgengis og fjölgunar ferðamanna á miðhálendinu.

#### Áhrif á loftslag

Áhrif virkjana eru óbein og felast í aukinni losun gróðurhúsalofttegunda, fari orkan til aukinnar stóriðju á Íslandi. Óvissa er um losun frá samgöngum, sem getur minnkað vegna styttri flutningsvegalengda en aukist vegna aukins akstur til og frá gististöðum.

### 4.1.4 Samræmd verndun og nýting (B)

Í þessari sviðsmynd er gert ráð fyrir að styrkja þá verndun sem er til staðar og mynda stórar verndarheildir á grundvelli friðlýsingar. Skilgreindar verði tvær til þrjár samfelldar verndarheildir þar sem landnotkun verður samhæfð. Núverandi þjóðgarðar, svæði sem njóta verndar samkvæmt lögum og hverfisverndarsvæði verða tengd saman og notkun lands stjórnað á samræmdan hátt. Innan verndarheilda verði skilgreind svæðisbundin ákvæði um gæðastig samgangna og aðgengi, uppbyggingu þjónustu og aðrar framkvæmdir. Uppbygging í orkunýtingu verði einvörðungu innan þegar skipulagðra orkunýtingarsvæða. Megin flutningsleiðir raforku um landið verði utan miðhálendisins. Tveir uppbyggðir stofnvegir verði skilgreindir yfir miðhálendið og um þá fari megin umferð um miðhálendið. Út frá þessum stofnvegum verði skilgreindir stakir vegir og slóðar. Skilgreind verði svæði þar sem umferð vélknúinna ökutækja verði bönnuð eða umferð þeirra stýrt. Uppbygging gistiðmis verði í jaðri miðhálendisins og í byggð. Önnur uppbygging ferðamannastaða og þjónustu miði að því að draga úr á lagi á miðhálendið, fremur en að bregðast við þörf fyrir uppbyggingu á þegar skipulögðum þjónustusvæðum. Beitarmál verði stjórnað með virkum hætti á grundvelli beitarpols landsins. Miðhálendinu verði skipt í skilgreind beitarhólf og beitinni stjórnað.

#### Áhrif á vatn

Nýjar virkjanir hafa áhrif á vatnasvæði. Helstu neikvæðu áhrifin felast í því ef vatn er fært á milli vatnasvæða. Aukin umferð ferðamanna og vöruflytninga kann að valda neikvæðum áhrifum á

vatnasvæði/grunnvatn. Óvissa m.t.t. staðsetningar vega og umfangs og eðlis flutninga svo sem olíuflutninga. Óvissa er um áhrif uppbyggingar gistirýma í jaðri miðhálendisins á vatnafar.

#### Áhrif á samfélag og byggð

Orkuvinnsla og -flutningur hefur jákvæð efnahagsleg áhrif á samfélag (sveitarfélög). Óvissa um varanleika jákvæðra áhrifa. Kann að hafa neikvæð efnahagsleg áhrif á landshluta ef frekari virkjanakostir eru ekki nýttir. Stofnvegir um miðhálendið stytta flutningsleiðir fyrir fólk og vörur, sérstaklega milli Suðvesturlands, Norðurlands og Norðausturlands. Mögulega verða jákvæð efnahagsáhrif fyrir þéttbýli með byggingu gistirýma í jaðri miðhálendisins og unnt verði að bjóða upp á fjölbreyttari og dýrarí þjónustu. Mikilvægt er að huga að öryggi vegfarenda um miðhálendið vegna færðar og veðurs. Stofnvegir geta dregið úr rekstrarmöguleikum annarra samgöngumáta svo sem flugsamgangna og strandsiglinga.

#### Áhrif á landslag og ásýnd

Umfangsmiklar framkvæmdir sem tengjast orkuflutningum og vegagerð hafa í flestum tilvikum neikvæð sjónræn áhrif í för með sér. Stofnvegir fyrir vöruflutninga munu hafa verulega neikvæð áhrif á ásýnd miðhálendis. Fjölgun ferðamanna eykur líkur á skertri ímynd miðhálendisins sem lítt snortins og raskar landslagi. Gott samgöngukerfi og ströng stýring dregur úr líkum á utanvegaakstri og getur hjálpað til við að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á viðkvæmt land. Sú stefna að megin flutningskerfi raforku fari ekki um miðhálendið dregur úr neikvæðum áhrifum.

#### Áhrif á náttúru og jarðveg

Umfangsmiklar framkvæmdir hafa í flestum tilvikum neikvæð áhrif í för með sér á náttúru. Uppbygging samgöngunets getur dregið úr á lagi viðkvæmra svæða með því að dreifa betur ferðamönnum og á lagi. Mikilvægt er að horfa til staðarvals uppbyggingar m.t.t. vistkerfa. Ákveðin óvissa um áhrif aukins aðgengis og fjölgunar ferðamanna á miðhálendinu. Jákvæð áhrif felast í afmörkun stórra verndarheilda, sem stuðlar frekar að því að náttúran fái að þróast á eigin forsendum.

#### Áhrif á loftslag

Áhrif virkjana er óbein og felast í aukinni losun gróðurhúsalofttegunda, fari orkan til aukinnar stóriðju á Íslandi. Óvissa er um losun frá samgöngum, sem getur minnkað vegna styttri flutningsvegalengda og aukist vegna aukins akstur til og frá gististöðum. Dragi úr jarðvegseyðingu hefur það staðbundin áhrif á loftgæði.

#### 4.1.5 Verndarmiðuð nýting

Í þessari svíðmynd er gert ráð fyrir að miðhálendið verði ein samfelld verndarheild og stofnaður sérstakur þjóðgarður um svæðið. Engin frekari uppbygging virkjana og orkuflutnings um miðhálendi Íslands. Skilgreindir verði einn til tveir stofnvegir yfir miðhálendið og um þá fari megin umferðin um miðhálendið. Út frá þeim verði skilgreint net annarra vega og slóða og öll umferð utan þeirra bönnuð. Uppbygging gistirýmis verði í jaðri miðhálendisins og í byggð. Önnur uppbygging fyrir ferðapjónustu miði að því að stjórna á lagi og aðgengi á miðhálendið fremur en að bregðast við þörf fyrir uppbyggingu á þegar skipulögðum þjónustusvæðum. Beit á miðhálendinu yrði bönnuð og nái undantekningalaust til eldvirka beltisins og eftir atvikum annarra hluta miðhálendisins ef ástand gróðurs gefur tilefni til.

### **Áhrif á vatn og sjó**

Jákvæð áhrif felast í möguleikum að vernda heil vatnasvið/vatnasvæði. Helstu neikvæð áhrif felast í mengunarhættu vegna aukinnar umferðar ferðamanna. Óvissa um áhrif m.t.t. staðsetningar vega. Ekki er gert ráð fyrir að vöruflytningar, þ.m.t. olíuflytningar, fari um miðhálendið. Óvissa er um afleiðingar uppbyggingar gistirýma í jaðri miðhálendisins á vatnafar.

### **Áhrif á samfélag og byggð**

Jákvæð áhrif felast í tækifærum í ferðaþjónustu sem tengjast ósnortnum svæðum. Neikvæð áhrif felast í að nýta ekki auðlindir til orkuframleiðslu, sem getur a.m.k. tímabundið falið í sér neikvæð áhrif á efnahag og atvinnustig landshluta. Stofnvegir um miðhálendið verða fyrst og fremst fyrir ferðamenn en ekki nýttir til að flytja fólk og vörur á milli suðvesturhorns og norðurlands og norðausturlands. Uppbygging gistirýma í jaðri hálendisins hefur mögulega jákvæð efnahagsáhrif fyrir þéttbýli og unnt verður að bjóða upp á fjölbreyttari og dýrari þjónustu. Mikilvægt er að huga að öryggi vegfarenda um hálendið vegna færðar og veðurs.

### **Áhrif á landslag og ásýnd**

Heildarfriðlýsing hefur jákvæð áhrif á landslag og ásýnd miðhálendisins, þ.e. að það nái að þróast í samræmi við eigin lögmál. Friðlýsing mun styrkja eða viðhalda ímynd miðhálendisins og e.t.v. Íslands. Vegagerð hefur neikvæð sjónræn áhrif í för með sér, en þau eru ekki talin veruleg. Fjölgun ferðamanna á miðhálendinu eykur hættu að ímynd miðhálendisins breytist og landslag raskist. Gott samgöngukerfi og ströng stýring dregur úr líkum á utanvegaakstri og getur hjálpað til við að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á viðkvæmt land. Sú stefna að megin flutningskerfi raforku fari ekki um miðhálendið hefur jákvæð áhrif, þ.e. á þann hátt að dregið er úr neikvæðum áhrifum.

### **Áhrif á náttúru og jarðveg**

Uppbygging samgöngunets getur dregið úr á lagi á viðkvæm svæða með því að dreifa betur ferðamönnum og á lagi. Mikilvægt er að horfa til staðarvals uppbyggingar m.t.t. vistkerfa. Ákveðin óvissa er um áhrif aukins aðgengis og fjölgunar ferðamanna á miðhálendinu. Jákvæð áhrif felast í afmörkun verndarheildar fyrir allt miðhálendið, sem stuðlar frekar að því að náttúran fái að þróast á eigin forsendum.

### **Áhrif á loftslag**

Óvissa er um losun frá samgöngum, sem getur minnkað vegna styttri flutningsvegalengda og aukist vegna aukins akstur til og frá gistiðum.

## 4.1.6 Samantekt áhrifa sviðsmynda fyrir miðhálendið

Tafla 3. Samantekt umhverfisáhrifa sviðsmynda fyrir miðhálendið

Áhrif sviðsmynda um skipulag miðhálendis	Vatn og sjór	Samfélag og byggð	Landslag og ímynd	Náttúra og jarðvegur	Loftslag
Óbreytt stefna					
Þjónustumiðuð uppbygging					
Samræmd verndun og nýting A					
Samræmd verndun og nýting B					
Verndarmiðuð nýting					

Útskýringar	
	Jákvæð
	Óveruleg jákvæð
	Óveruleg neikvæð
	Neikvæð
	Veruleg neikvæð
	Óvissa
	Engin áhrif / á ekki við

#### 4.1.7 Sviðsmyndir dregnar saman í stefnu fyrir miðhálendi Íslands

Á grunni umfjöllunar um sviðsmyndir og mat á líklegum umhverfisáhrifum þeirra voru eftirtaldar áherslur dregnar út til grundvallar móturn tillögu að landsskipulagsstefnu um miðhálendið. Í 5. kafla er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum auglýstrar tillögu að landsskipulagsstefnu.

##### Stefna um verndun náttúru, landslags og menningarminja

Í meginatriðum byggir stefnan á sviðsmyndinni um samræmda verndun og nýtingu B, þar sem gert var ráð fyrir að styrkja núverandi vernd og myndaðar stórar verndarheildir á grundvelli friðlýsingar og hverfisverndar.

##### Stefna um orkunýtingu og orkuflutning

Í stefnu um orkunýtingu og orkuflutning á miðhálendinu eru aðallega lagðar til grundvallar sviðsmyndir um samræmda verndun og nýtingu leið A og B, með nokkrum fyrirvörum.

##### Stefna um samgöngur, ferðapjónustu og almannarétt

Í meginatriðum voru sviðmyndir um samræmda verndun og nýtingu leið B og sviðmynd um verndarnýtingu lagðar til grundvallar stefnunni. Í því felst að megináhersla er lögð á tvo stofnvegi um miðhálendið og út frá þeim skilgreint net annarra vega og slóða og umferð vélknúinna ökutækja utan þeirra ekki heimil.

##### Stefna um beitarmál

Í stefnu um beitarmál á miðhálendinu eru aðallega lagðar til grundvallar sviðsmyndir um samræmda verndun og nýtingu leið A og B. Felur í séri að beit á miðhálendinu verði stjórnað með það að markmiði að styrkja vistkerfi.

Tafla 4. Útfærsla sviðsmynda fyrir stefnu um miðhálendið

1. Óbreytt stefna - ekki frekari verndun	2. Þjónustu- miðuð uppbygging	3. Samræmd verndun og nýting A	4. Samræmd verndun og nýting B	5. Verndar- miðuð nýting
Verndun náttúru, landslags og menningarminja				✗
Orkunýting og orkuflutningur		✗	✗	
Samgöngur, ferðapjónusta og almannaréttur			✗	✗
Beitarmál á miðhálendinu		✗	✗	

## 4.2 Niðurstöður samráðsfundar um umhverfisáhrif sviðsmynda fyrir búsetumynstur

Sviðsmyndir sem voru bornar saman fyrir búsetumynstur eru þrjár talsins:

1. Óbreytt stefna
2. Stýrð stefna með svæðisbundnum áherslum
3. Stýrð þróun og þéttung byggðar

Í næstu köflum er gerð grein fyrir niðurstöðum samráðsfundar um umhverfisáhrif þessara sviðsmynda.

### 4.2.1 Óbreytt stefna

Í sviðsmyndinni er gert er ráð fyrir að uppbygging verði jöfnum höndum á nýum svæðum í dreifbýli og innan núverandi þéttbýlis. Lítill stjórnun verði á dreifingu byggðar og vaxandi fjarlægðir á milli heimilis, vinnustaðar og nærbjónustu. Lítill áhersla á sjálfbærar samgöngur. Grunnkerfi byggðar stækki samfara uppbyggingu á nýum svæðum, en leitast við að tryggja að veitukerfi standist kröfur um heilbrigði og þjónustu. Jörðum skipt í auknu mæli í smærri einingar og ræktanlegt land fer úr landbúnaðarnotum. Verðmætt landbúnaðarland fari í vaxandi mæli undir byggð og í einstaka tilfellum svæðum sem njóta verndar eða hafa verndargildi. Skil milli dreifbýlis og þéttbýlis geti orðið óljós.

#### Áhrif á vatn og sjó

Dreifð byggð fjölgar áhættupunktum gagnvart mengun vatns og dregur úr heildarsýn og þar með skilvirkni viðbragða við mengunarslysum. Dreifð byggð kallar á fleiri vatnsból og þar með er erfiðara að fylgjast með vatnsnotkun. Hraðara afrennsli verður frá dreifðari byggð, sem eykur hættu á mengun. Aukin ræktun getur aukið hættu á mengun vatns.

#### Áhrif á samfélag og byggð

Möguleikar á fjölbreyttri landnotkun auka rekstrarmöguleika í dreifbýli og á bújörðum. Meiri líkur eru á að dreifð byggð kosti meira fyrir hina sameiginlegu sjóði. Meiri áhætta er að dreifa byggð m.t.t. staðsetningar gagnvart náttúruvá og rýmingu. Taka þarf mið af því að jarðir haldist sem byggilegar einingar en séu ekki hlutaðar í sundur.

#### Áhrif á landslag og ásýnd

Mikilvægt er að skipulag byggðar taki mið af landslagsheildum. Lítill stýring á skipulagi frístunda- og búgarðabyggðar eykur líkur á neikvæðum áhrifum á landslag. Skógur sem fylgir oft frístundabyggð hefur einnig áhrif á landslag. Uppskipting jarða getur haft neikvæð áhrif á menningarlandsdag.

#### **Áhrif á náttúru og jarðveg**

Dreifðari byggð hefur almennt neikvæð áhrif á náttúru og vistkerfi. Vistkerfi eru bútuð niður og verða fyrir meira á lagi. Flokkun landbúnaðarlands þarf að byggja á upplýsingum um gæði þess svo sem til matvælaframleiðslu, beitar o.s.frv. en slíkar upplýsingar eru almennt ekki fyrirliggjandi.

#### **Áhrif á loftslag**

Ekki var á samráðsfundinum fjallað um áhrif óbreyttrar stefnu um búsetu á losun gróðurhúsalofttegunda en augljóst má vera að t.d. fleiri eknir kílómetrar hafa í för með sér aukna losun og þar með neikvæð áhrif á loftslag.

### **4.2.2 Stýrð proun byggðar með svæðisbundnum áherslum**

Í sviðsmyndinni er gert ráð fyrir að uppbygging byggðar fari fyrst og fremst fram innan núverandi þéttbýlis. Á fáum völdum svæðum utan þéttbýlis verði búseta heimil án tengsla við búskap. Við skipulag byggðar sé leitast við að þetta byggð. Stuðlað að sjálfbærum samgöngum og dregið úr ferðaþörf með því að færa nærbjónustu nær íbúum. Grunnkerfi núverandi byggðar styrkt og tryggt að veitukerfi standist kröfur um heilbrigði og hollustu. Skýr skil verði að jafnaði á milli dreifbýlis og þéttbýlis og áhersla lögð á varðveislu landslagsheilda og yfirbragðs landbúnaðarsvæða. Uppbygging frístundabyggðar verði á skilgreindum og afmörkuðum svæðum. Dregið er úr skiptingu lands og verðmætu og samfelldu landbúnaðarlandi viðhaldið m.t.t. fæðuöryggis og varðveislu landgæða. Byggð verði að jafnaði ekki reist á verðmætum landbúnaðarsvæðum eða svæðum sem njóta verndar eða hafa verndargildi.

#### **Áhrif á vatn og sjó**

Stýring stuðlar að verndun grunnvatns og færri fráveitum. Auðveldari yfirsýn yfir grunnvatnsnotkun og mögulega mengun.

#### **Áhrif á samfélag og byggð**

Stýring getur haft jákvæð áhrif á fæðuöryggi með verndun landbúnaðarlands og á möguleika til jákvæðrar upplifunar með viðhaldi verndarsvæða.

#### **Áhrif á landslag og ásýnd**

Það er jákvætt að stuðla að því að landslagsheildir og landnotkunarheildir haldi sér og mikilvægt að skipulag byggðar taki mið af því.

#### **Áhrif á náttúru og jarðveg**

Takmörkuð skerðing á vistkerfum hefur jákvæð áhrif. Grunngögn þurfa að liggja fyrir eigi að fara fram flokkun landbúnaðarlands.

#### **Áhrif á loftslag**

Almenningssamgöngur og annar ferðamáti en einkabíllinn stuðlar yfirleitt að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Stefnan dregur mögulega úr framræslu lands fyrir byggð eða ræktun og hefur með þeim hætti jákvæð áhrif á þennan þátt

### 4.2.3 Stýrð þróun og þéttung byggðar

Í sviðmyndinni er gert ráð fyrir að uppbrygging byggðar fari fram innan núverandi þéttbýlis. Óheimilt sé að stofna til búsetu í dreifbýlinu án tengsla við búskap. Við skipulag byggðar verði leitast við að þetta byggð. Stuðlað að sjálfbærum samgöngum og dregið úr ferðaþörf með því að fá nærbjónustu nær íbúum. Grunnnkerfi núverandi byggðar styrkt og tryggt að veitukerfi standist kröfur um heilbrigði og hollustu. Skýr skil eru á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Uppbrygging frístundabyggðar verði eingöngu á skilgreindum og afmörkuðum svæðum og reistar skorður við að frístundabyggð breytist í íbúðarbyggð. Hömlur verði lagðar á skiptingu jarða og verðmætu og samfelldu landbúnaðarlandi viðhaldið með tilliti til fæðuöryggis og varðveislu landgæða. Varðveisla landslagsheilda og yfirbragðs landbúnaðarlandslags er viðmið við framkvæmdir svo sem við mannvirkjagerð, landgræðslu og skógrækt.

#### Áhrif á vatn og sjó

Stýrð þróun og þéttung byggðar stuðlar að verndun grunnvatns og markvissari stjórnun vatnsauðlindarinnar og eftirlits með henni. Stærð byggðar getur stjórnast af möguleikum til vatnsöflunar. Ólíklegt er að votlendi verði fyrir neikvæðum áhrifum.

#### Áhrif á samfélag og byggð

Óvissa er um hvort stýrð þróun og þéttung byggðar hefur jákvæð áhrif gagnvart náttúruvá. Áhrif á líðuheilsu verða líklega jákvæð. Getur hamlað möguleikum til rekstrar og takmarkað nýtingarmöguleika bújarða. Festir í sessi afmörkun jarða sem er ekki endilega sú besta m.t.t. landbúnaðar. Hefur líklega jákvæð áhrif á fæðuöryggi og á möguleika til náttúruupplifunar.

#### Áhrif á landslag og ásýnd

Jákvætt að skipulag byggðar, skógræktar og landgræðslu taki mið af því að láta landslagsheildir halda sér. Jákvæð áhrif á landslag.

#### Áhrif á náttúru og jarðveg

Takmörkuð skerðing á vistkerfum eru jákvæð áhrif. Grunngögn þurfa að liggja fyrir eigi að fara fram flokkun landbúnaðarlands eftir verðmæti.

#### Áhrif á loftslag

Almenningssamgöngur og annar ferðamáti en einkabíllinn stuðlar yfirleitt að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda. Dregur mögulega úr framræslu lands fyrir byggð eða ræktun sem hefur jákvæð áhrif á þennan þátt.

#### 4.2.4 Samantekt af samráðsfundi um umhverfisáhrif sviðsmynda fyrir búsetumynstur

**Tafla 5.** Samantekt umhverfisáhrifa sviðsmynda fyrir búsetumynstur

Áhrif sviðsmynda	Vatn / sjór	Samfélag / byggð	Landslag / ímynd	Náttúra og jarðvegur	Loftslag
Óbreytt þróun					
Stýrð þróun með svæðisbundnum áherslum					
Stýrð þróun og þéttung byggðar					

Útskýringar	
	Jákvæð
	Óveruleg jákvæð
	Óveruleg neikvæð
	Neikvæð
	Veruleg neikvæð
	Óvissa
	Engin áhrif / á ekki við

## 4.2.5 Sviðsmyndir dregnar saman í stefnu um búsetumynstur

### Stefna um uppbyggingu og verndun

Í meginatriðum er byggt á sviðmynd um þróun búsetu sem stýrt væri með svæðisbundnum áherslum. Felur í sér að uppbygging byggðar fari fyrst og fremst fram innan núverandi þéttbýlis og frístundabyggðasvæða annars vegar og hins vegar á fáum völdum svæðum þar sem búseta án tengsla við búskap er heimil.

### Stefna um samgöngur, veitukerfi, nærbjónustu og vinnusókn

Í meginatriðum er byggt á sviðmynd um þróun búsetu sem stýrt væri með svæðisbundnum áherslum og gert ráð fyrir að aukin verði sjálfbærni í samgöngum og vinnusókn og hagkvæmni aukin í veitukerfum og nærbjónustu.

### Stefna um landbúnað, menningarlandslag og ásýnd lands

Í meginatriðum er byggt á sviðmynd um að þróun búsetu væri stýrt og byggð þétt. Gert er ráð fyrir að staða landbúnaðar verði styrkt og viðhaldið því menningarlandslagi og þeirri ásýnd sem hann hefur skapað.

**Tafla 6.** Útfærsla sviðsmynda fyrir stefnu um búsetumynstur

	1. Þróun undanfarinna ára helst óbreytt og áhersla lögð á að mæta eftirspurn	2. Þróun búsetu stýrt með svæðisbundnum áherslum	3. Þróun búsetu stýrt og byggðin þétt
Uppbygging og verndun			
Samgöngur, veitukerfi, nærbjónusta og vinnusókn			
Landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands			



## 5 Umhverfismat tillögu að stefnu fyrir miðhálendið

Í þessum kafla er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum tillögu að landsskipulagsstefnu fyrir miðhálendi Íslands. Við umhverfismatið var tekið mið af þeim áherslum sem fram komu á samráðsfundum og stefnuskjölum stjórnvalda. Við mótnun stefnumiða í tillögu að landsskipulagsstefnu eru umhverfisáhrif metin með meiri nákvæmni en fólst í mati á áhrifum sviðsmyndanna. Ítarlegar er gerð grein fyrir grunnástandi, líklegum umhverfisáhrifum, aðgerðum sem ber að skoða til að draga úr neikvæðum áhrifum og vöktun og eftirfylgni fyrir sérhvern umhverfisþátt. Þessi vinna byggði á heimildum sem fjalla um viðkomandi umhverfisþátt á miðhálendinu.

Í kafla 5.1 er birt tillaga að stefnu um miðhálendið úr *Landsskipulagsstefnu 2013-2024*, þ.e. leiðarljós, markmið og leiðir en í kafla 5.2 er gerð grein fyrir líklegum umhverfisáhrifum við framfylgd stefnunnar. Í landsskipulagsstefnu eru sett fram stefnumið um eftirtalda þætti:

1. Verndun náttúru, landslags og menningarminja
2. Orkunýting og orkuflutningur
3. Samgöngur, ferðaþjónusta og almannaréttur
4. Beitarmál og landgræðsla.

### 5.1 Leiðarljós

Á miðhálendinu er sérstakt landslag og jarðmyndanir, mikilvægar vistgerðir, líffræðileg fjölbreytni, menningarminjar og sérstök náttúrufyrirbæri sem njóta verndar. Á miðhálendinu er sérstakt landslag og jarðmyndanir, mikilvægar vistgerðir, líffræðileg fjölbreytni og sérstök náttúrufyrirbæri sem njóta verndar.

Á miðhálendinu eru víðerni sem bjóða upp á einstaka upplifun og víðsýni, sem ekki hefur verið gengið á.

Almenningur getur notið þeirrar sérstöðu sem miðhálendið hefur upp á að bjóða.

Uppbygging innviða í almannapágu hefur lágmarksáhrif á sérstöðu miðhálendisins.

### 5.1.1 Verndun náttúru, landslags og menningarminja

#### Markmið

Að á miðhálendinu verði myndaðar þrjár stórar, samfelldar verndarheildir.

Að sérkennum og náttúrugæðum miðhálendisins verði viðhaldið, svo sem fágætum vistgerðum, ósnortnum víðernum, landslagi, verðmætum menningarminjum og ímynd miðhálendisins fyrir ferðamennsku.

#### Leiðir

- a. Öll meiriháttar mannvirkjagerð á miðhálendinu einskorðist við mannvirkjabelti en innan verndarheilda verði viðhaldið lágu byggingarstigi og mannvirkjagerð haldið í lágmarki. Þar með er ekki raskað stöðu mannvirkja eða endurnýjun þeirra á öðrum mannvirkjabeltum sem skilgreind voru í svæðisskipulagi miðhálendisins s.s. vo sem vegna byggðalínu og vegar um nyrðra Fjallabak.
- b. Sveitarfélög efni til samstarfs á vettvangi landshlutasamtaka um að marka stefnu um verndun verndarheilda (sbr. mynd 3), annað hvort með friðlýsingu eða hverfisvernd. Fjölmennasta sveitarfélagið innan miðhálendisins á hverju svæði landshlutasamtaka eigi frumkvæði að myndun samstarfsvettvangs í samstarfi við Skipulagsstofnun. Haft verði samráð við umhverfis- og auðlindaráðuneytið, Umhverfisstofnun og Samband Íslenskra sveitarfélaga eftir því sem best á við í hverju tilviki. Á þeim vettvangi verði sett svæðisbundin ákvæði um verndarheildir sem verða útfærð í aðalskipulagi m.a. út frá greiningu á verndargildi. Ákvæðin taki til aðgengis, gæðastigs samgangna, uppbyggingar þjónustu og annarra framkvæmda sem ásættanlegar kunna að vera án þess að skerða verndargildi. Við ákvarðanir um uppbyggingu verði vegin saman sjónarmið verndunar og nýtingar á einstökum svæðum, svo sem fyrir ferðamennsku á grundvelli heildarsýnar á náttúrufari svæðisins.
- c. Sveitarfélög útfæri í aðalskipulagi verndarákvæði samráðsvettvangs um verndarheildir. Sveitarfélög útfæri í aðalskipulagi tillögur samráðsvettvangs um verndarákvæði um verndarheildir sbr. a og b lið. Við afmörkun verndarheilda verði tekið mið af afmörkun verndarsvæða, svo sem náttúruverndarsvæða, almennra verndarsvæða og landgræðslusvæða í Svæðisskipulagi miðhálendisins 2015 og mörkum friðlýstra svæða.
- d. Grannsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og þjórsárvera njóti eftir því sem kostur er hverfisverndar í aðalskipulagi sveitarfélaganna og tengi þannig friðlýstu svæðin Grannsvæði Vatnajökulsþjóðgarðs og þjórsárvera njóta a.m.k. hverfisverndar í aðalskipulagi sveitarfélaganna og tengja þannig friðlýstu svæðin. Grannsvæði eru þau svæði sem liggja að verndarsvæðunum tveimur og eru sýnileg frá þeim eða hluti af landslagsheild innan þeirra.
- e. Skipulagsáætlanir sveitarfélaga gera ráð fyrir að víðerni, skv. skilgreiningu í náttúruverndarlögum, innan verndarheildanna þriggja verði ekki skert frá því umfangi sem er við gildistöku landsskipulagsstefnu, árið 2013. Leitast verður við að endurheimta víðerni.

- f. Í landsskipulagsstefnunni er miðað við miðhálendislínuna eins og hún var skilgreind í *Svæðisskipulagi miðhálendis Íslands 2015*. Við endurskoðun aðalskipulags taki sveitarstjórnir afstöðu til þess hvaða hluti sveitarfélagsins teljist hluti miðhálendisins.
- g. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fer fram við skipulagsgerð sveitarfélaganna (í aðalskipulagi og deiliskipulagi) og á miðhálendinu þarf sérstaklega að huga að minjum um mannabyggð og útilegumannabústaði auk helstu miðstöðva gangnamanna og merkra fjallvega.

## 5.1.2 Orkunýting og orkuflutningar

### Markmið

Að endurnýjanlegar orkulindir verði nýttar með hagkvæmni- og umhverfissjónarmið að leiðarljósi.

Að orkunýting og mannvirki henni tengd séu utan verndarheilda og gangi ekki á óbyggðir og víddir sem ferðamenn upplifa á miðhálendinu.

Að háspennulínur skerði ekki sérkenni miðhálendisins, svo sem hvað varðar ósnortin víðerni, lífríki, landslag og fágætar jarðmyndanir.

### Leiðir

- a. Við skipulag og hönnun orkuvinnslusvæða og orkuflutningsmannvirkja verði sérstaklega skoðuð sjónræn áhrif þeirra á verndarheildir og reynt að draga úr þeim áhrifum eins og kostur er.
- b. Stjórnvöld skýri þörf fyrir tengingu flutningslína yfir miðhálendið.
- c. Orkunýtingar- og flutningsmannvirki á miðhálendi verði utan verndarheilda, á mannvirkjabeltum.
- d. Virkjunarkostir í biðflokki verði í aðalskipulag skilgreindir sem svæði sem háð er takmörkun á landnotkun.

### 5.1.3 Samgöngur, ferðaþjónusta og almannaréttur

#### Markmið

Að uppbygging samgangna og þjónustu á miðhálendinu stuðli að hreyfanleika og jafnræði ferðamáta, án þess að ganga á óbyggðir og víddir sem ferðamenn upplifa.

Að vegaframkvæmdum verði haldið í lágmarki á miðhálendinu og möskvar vegakerfisins hafðir sem stærstir. Uppbygging vegakerfisins taki fyrst og fremst mið af sumarumferð.

Að við skipulagsgerð á miðhálendinu verði tekið tillit til öryggis vegna náttúrvár.

Að almenningi verði tryggt aðgengi að miðhálendinu til að njóta þess og upplifa og ekki komi til takmarkana eða lokana svæða nema brýnir almannahagsmunir krefjist þess, svo sem vegna náttúrvár eða náttúruverndar.

#### Leiðir

- a. Megináhersla verði á two stofnvegi yfir miðhálendið, Kjalveg og Sprengisandsleið, sbr. mynd 2, fyrst og fremst til sumarnota og um þá fari megin umferðin um miðhálendið. Áhersla verði einnig á aðra skilgreinda stofnvegi á miðhálendinu, þ.e. Kaldadalsveg og Fjallabaksleið nyrðri. Út frá þessum stofnvegum verði svo skilgreint net annarra vega og slóða í samræmi við Ávallt á vegi og þeir festir í nýrri reglugerð og í aðalskipulagi viðkomandi sveitarfélaga.
- b. Í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga verði skilgreind þolmörk og mörk ásættanlegra breytinga á viðkvæmum svæðum sem fjölsótt eru af ferðamönnum og skilgreindar mótvægisáðgerðir þar sem þörf er á.
- c. Í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga verði sýndar allar leiðir þar sem heimilt er að aka samkvæmt verkefninu Ávallt á vegi til tilheyrandí reglugerð. Hönnun allra vega á miðhálendinu taki mið af landslagi hverju sinni. Hönnunarhraði stofnvega verði samfelldur á löngum köflum. Við skipulag vegakerfis verði gætt jafnræðis milli mismunandi ferðamáta og leitast verði við að stuðla að notkun sjálfbærra samgangna svo sem með almenningssamgöngum og samræmdri merkingu ferðaleiða hjóreiðafólks.
- d. Í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga verði miðað við miðhálendismiðstöðvar og skálasvæði eins og mótuð var stefna um í svæðisskipulagi miðhálendisins og þeim ekki fjölgað. Að öðru leyti verði gert ráð fyrir gistirými í jaðri miðhálendisins á mörkum heimalanda og afréttu.
- e. Sveitarfélög á miðhálendinu efni til samstarfs á vettvangi landshlutasantaka og í samstarfi við ráðuneyti um að móta stefnu um ferðamennsku þar sem skilgreind verði þjónustusvæði og þjónusta sem á að bjóða ferðamönnum á miðhálendinu. Leitast verði við að dreifa á lagi frá viðkvæmum svæðum með þeim ráðstöfunum sem eru tiltækar, t.d. með skipulagi og leyfisveitingum. Fjölmennasta sveitarfélagið innan miðhálendisins eigið frumkvæðið í hverjum landshluta. Byggt á þeirri stefnu verði ákveðið hvar skuli byggja nýjar hálandismiðstöðvar, skálasvæði og fjallasel. Við næstu endurskoðun landsskipulagsstefnu verði stefna um þjónustusvæði og ferðamennsku útfærð nánar.

- f. Aðalskipulagsáætlanir sveitarfélaga og eftir atvikum stjórnunar- og verndaráætlanir verndarsvæða tilgreini og rökstyðji með hvaða hætti jafnvægis er leitað varðandi aðgengi að áhugaverðum stöðum eftir mismunandi ferðamátum. Þar verði ferðafólki á vélknúnum ökutækjum tryggður aðgangur að fjölbreyttum svæðum en jafnframt skilgreind kyrrlát svæði þar sem umferð vélknúinna farartækja verður bönnuð.

### 5.1.4 Beitarmál og landgræðsla

#### Markmið

Að beit á miðhálendinu verði stjórnað með þeim hætti að dragi úr jarðvegseyðingu.

Að brugðist verði við rofskemmdum með landgræðslu.

#### Leiðir

- a. Í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga komi fram skilmálar fyrir beitarsvæði í samráði við bændur. Þar verði rökstutt að leyfilegt beitarálag sé í samræmi við markmið um að styrkja vistkerfi og draga úr jarðvegseyðingu.
- b. Tilgreind séu markmið og skilgreind landgræðslusvæði í aðalskipulagi, eftir því sem við á.

## 5.2 Umhverfisáhrif tillögu að stefnu fyrir miðhálendið

Í eftirfarandi umfjöllun um umhverfisáhrif og mat á vægi þeirra er fyrir hvern hinna skilgreindu umhverfisþátta, þ.e. vatn, samfélag og byggð, landslag og ímynd, náttúru og jarðveg og að lokum loftslag. Gerð er grein fyrir grunnástandi hvers umhverfisþáttar, tilgreind eru helstu viðmið úr stefnuskjölum stjórvalda sem lögð eru til grundvallar við umhverfismatið og að lokum er gerð grein fyrir líklegum umhverfisáhrifum af tillögu að landsskipulagsstefnu um eftirtalin viðfangsefni:

- Vernd náttúru, landslags, og menningarminjar
- Orkunýting og orkuflutningur
- Samgöngur, ferðaþjónusta og almannaréttur
- Beitarmál og landgræðsla

### 5.2.1 Vatn

#### Grunnástand

Á miðhálendinu eru upptök og stór hluti vatnasviða stærstu fallvatna landsins. Af miðhálendinu koma dragár, sem margar hverjar eru góðar veiðiár. Þar eru einnig vötn og tjarnir og víðáttumikil votlendi. Þar er afrennsli stærstu jöklar landsins.

Mikil ákomusvæði grunnvatns eru á miðhálendinu. Vatnið hripar niður í jarðlög og safnast eftir þeim í miklu mæli til vissra svæða þar sem eru lindir. Grunnvatnið rennur greiðast fram þar sem jarðlög eru lek og þá einkum innan gosbeltisins. Innan miðhálendisins er því uppruni stórs hluta þess grunnvatns sem síðan er nýttur sem neysluvatn fyrir íbúa.

#### Umhverfismat – viðmið

Við mat á þeim áhrifum sem framfylgd stefnunnar mun hafa í för með sér á vatn eru eftirfarandi meginviðmið lögð til grundvallar:

##### Velferðar til framtíðar:

- Allir hafi kost á nægu, heilnæmu og ómenguðu vatni og að það heyri til undantekninga að neysluvatn spillist.
- Lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011:

- Hindra frekari rýrnun vatnsgæða og bæta ástand vatnavistkerfa til þess að vatn njóti heildstæðrar verndar.
- Stuðla að sjálfbærri nýtingu vatns og langtíma vernd vatnsauðlindarinnar.
- Önnur viðmið sem sett verða í vatnaáætlun, aðgerðaáætlun og vöktunaráætlun skv. lögunum.

##### Vatnatskipun Evrópusambandsins frá 2008 (2000/60/EB) tilgangur:

- ~~Kemur í veg fyrir frekari afturför og verndar og bætir ástand vatnavistkerfa og að því varðar vatnshörf þeirra, vistkerfa á landi og í votlendi sem eru háð vistkerfum í vatni.~~

- Stuðlar að því að milda áhrif flóða og þurrka og stuðlar þar með að því að nóg sé til af góðu yfirborðsvatni og grunnvatni til sjálfbærrar, jafnvægrar og réttlátrar vatnsnetkunar.

## Áhrif stefnunnar

Markmið um þrjár stórar verndarheildir sem ná yfir vatnasvið miðhálendisins er líklegt til að hafa jákvæð áhrif á vatn og vatnsvernd. Skilgreind verði þolmörk og mörk ásættanlegra breytinga á viðkvæmum svæðum og má gera ráð fyrir að slík skilgreining nái einnig til vatns. Afmörkun verndarheilda og viðkvæmra svæða er líklegt til að hafa jákvæð áhrif á vatn og votlendi.

Landsskipulagsstefna um orkunýtingu og orkuflutninga byggir m.a. á tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða sem lögð hefur verið fram á Alþingi. Landsskipulagsstefna um orkunýtingu og orkuflutninga byggir á tillögu til þingsályktunar um áætlun um vernd og orkunýtingu landssvæða sem lögð hefur verið fram á Alþingi. Í henni er ekki gert ráð fyrir orkunýtingarsvæðum innan miðhálendisins, hvorki vatnsafsls- né jarðvarmavirkjunum. Virkjunarkostir í biðflokki samkvæmt tillögu að verndar- og orkunýtingaráætlun samræmast landsskipulagsstefnu þar til ákvörðun liggur fyrir um viðkomandi virkjunarkost.

Landsskipulagsstefnan mun því ekki leiða til þess að breytingar verði á tilfærslu vatns innan eða á milli vatnsvæða, né auka álag á grunnvatn vegna jarðvarmavirkjana. Stefnan gerir ekki ráð fyrir að þungaflutningar, þ.m.t. olíuflutningar, fari um miðhálendið og er því ekki líkleg til að menga vatn á miðhálendinu.

Markmið stefnunnar um að vistkerfi styrkist og að jarðvegseyðing minnki á miðhálendinu er líklegt til að hafa jákvæð áhrif á miðlun vatns í jarðvegi, jafna flæði og draga úr flóðahættu.

### 5.2.2 Samfélag og byggð

#### Grunnástand

Miðhálendið er mikilvægt fyrir ímynd Íslands við markaðssetningu þess sem ferðamannalands, með áherslu á náttúruupplifun og náttúruferðamennsku. Um þriðjungur erlendra ferðamanna ferðaðist um miðhálendið árið 2011 og um 10% Íslendinga. Mestur þungi umferðar er um norðurhluta Fjallabakssvæðis. Fjöldi gistenátta á miðhálendinu hefur tvöfaldast á síðustu 20 árum<sup>3</sup>.

Náttúrusinnaðir ferðamenn eru stærsti hluti þeirra sem sækja heim óaðgengilegri staði á miðhálendinu og ánægðustu ferðamennirnir eru á lítt röskuðum svæðum með lítilli uppbyggingu og þjónustu<sup>4</sup>.

Innan miðhálendisins teljast fjórir vegir til stofnvega, samtals 505 km, þar af eru Kjalvegur og Sprengisandsleið lengstir og liggja um miðbik hálendisins. Þessir vegir eru ekki opnir yfir vetrartímann vegna veðurs og færðar. Frá þessum stofnvegum liggja rúmlega 1.920 km landsvegar sem eru á forræði Vegagerðarinnar og er þar einnig gert ráð fyrir árstíðabundinni umferð. Sumir fjallvegir liggja um friðlýst svæði og getur umferð um þá verið háð því hvenær viðkomandi svæði er talið tilbúið til að taka við ferðamönnum þó svo vegurinn sé orðinn fær<sup>56</sup>.

## Umhverfismat – viðmið

Við mat á þeim áhrifum sem framfylgd stefnunnar mun hafa í för með sér á samfélag og byggð eru eftirfarandi meginviðmið lögð til grundvallar:

*Velferð til framtíðar:*

- Réttur almennings að frjálsu aðgengi að náttúru landsins verði ekki skertur nema þegar brýna nauðsyn ber til vegna náttúruverndarsjónarmiða.
- Vöxtur verði í ferðaþjónustu á Íslandi og honum mætt með aðgerðum sem koma í veg fyrir skaða á náttúrunni vegna aukinnar umferðar

*Lög um náttúruvernd nr. 44/1999:*

- Í III. kafla er fjallað um almannarétt, umgengni og útivist.

## Áhrif stefnunnar

Tækifæri felast í ferðaþjónustu sem tengist ímynd miðhálendisins, rekstri verndarsvæða og viðeigandi þjónustu. Skilgreining stórra samfellora verndarheilda með það að markmiði að viðhalda sérkennum og náttúrugæðum miðhálendisins, svo sem fágætum vistgerðum, ósnortnum víðernum, landslagi og verðmætum náttúru- og menningarminjum er líkleg til að styrkja ferðaþjónustu sem byggir á þessari ímynd. Efnahagslega gegnir miðhálendið því mikilvægu hlutverki á landsvísu. Stefna um verndun þess er því líkleg til að hafa jákvæð samfélagsleg áhrif á landsvísu og einnig jákvæð staðbundin áhrif á samfélag og byggð í jaðri miðhálendisins. Aukinn fjöldi ferðamanna á miðhálendinu getur unnið gegn þessari ímynd og dregið úr þeim hughrifum eða upplifun sem ferðamenn sækjast eftir. Landsskipulagsstefnan gerir hins vegar ráð fyrir að stuðlað sé að hreyfanleika og jafnræði ferðamáta án þess að ganga á óbyggðir og víddir miðhálendisins. Áhrif stefnunnar eru því jákvæð fyrir samfélag m.t.t. ferðaþjónustu. Markmið um rétt almennings til aðgengis að náttúru miðhálendisins er almennt líklegt til að hafa jákvæð áhrif á samfélag með bættri lýðheilsu og tækifærum til að upplifa náttúru landsins.

Nýting auðlinda til orkuframleiðslu myndar grunn fyrir atvinnuuppbryggingu og getur þannig haft jákvæð áhrif á samfélag. Landsskipulagsstefnan tekur mið af tillögu til þingsályktunar, sem lögð hefur verið fram á Alþingi, um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða. Í henni er ekki gert ráð fyrir orkunýtingarsvæðum innan miðhálendisins. Því hefur landsskipulagsstefnan hvað þennan þátt varðar ekki bein efnahagsleg eða samfélagsleg áhrif. Ekki liggur fyrir hvort nauðsynlegt er að byggja háspennulínu þvert yfir miðhálendið til að tryggja afhendingaröryggi á rafmagni til almennra nota. Því er ekki hægt að leggja mat á samfélagsleg áhrif landsskipulagsstefnunnar hvað varðar þennan þátt.

Uppbygging þjónustu í jaðri miðhálendisins er líkleg til að hafa jákvæð efnahagsáhrif fyrir viðkomandi sveitarfélög. Stefnan gerir ráð fyrir að orkunýting og tengd mannvirki séu utan verndarheilda samanber tillögu til þingsályktunar um verndar- og orkunýtingaráætlun. Innviðir sem fylgja uppbryggingu virkjana í jaðri miðhálendisins geta haft jákvæð samlegðaráhrif á uppbryggingu þjónustu fyrir ferðamenn t.d. með bættu aðgengi. Að sama skapi getur uppbrygging orkuvinnslu inni á miðhálendinu með tilheyrandi innviðum, einkum utan mannvirkjabeltis, haft neikvæð áhrif á ferðamennsku sem byggir á náttúruupplifun.

Stefnan gerir ráð fyrir að stofnvegir um miðhálendið verði fyrst og fremst fyrir ferðamenn en verði ekki nýttir til vöruflutninga. Ekki er litið til miðhálendisins til að stytta vegalengdir/ferðatíma

á milli landshluta. Stefnan um skipulag miðhálendisins er því ekki líkleg til að hafa áhrif á ferðatíma milli landshluta.



**Mynd 2.** Megin samgönguleiðir miðhálendisins

Aukin umferð ferðamanna um miðhálendið gerir kröfu um að hugað sé að öryggi vegfarenda um miðhálendið vegna færðar, veðurs og annarrar náttúrvárr. Lenging ferðamanntímabilsins getur reynt enn frekar á öryggi ferðamanna.

Stefnan gerir ráð fyrir að beit á miðhálendinu verði stjórnað í samráði við bændur. Sjálfbær nýting gróðurs til beitar getur haft jákvæð samfélagsleg áhrif, sem felast í mögulegri nýtingu auðlindarinnar til langs tíma.

### 5.2.3 Landslag og ímynd

#### Grunnástand

Landslag skipar sífellt stærri sess við mat á gildi lands og við skilgreiningu á sérstöðu svæða. Það felur í sér ásýnd og einkenni vegna náttúrulegra og manngerðra þátta í okkar daglega umhverfi og samspili þar á milli.

Landslag á miðhálendinu býr yfir sérstöðu og má segja að sé fágætara en landslag á láglendi.

Ósnortin víðerni eru skilgreind í lögum um náttúruvernd en njóta ekki sérstakrar verndar. Þau eru talin mikilvæg þar sem þar má njóta einveru og náttúru án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja innan tiltekinnar fjarlægðar. Stærð ósnortinna víðerna á miðhálendinu,

eins og þau eru skilgreind í lögunum, hefur dregist hratt saman undanfarna áratugi en víðerni Íslands eru sennilega með stærstu lítt röskuðum víðernum í Evrópu.

Víðerni gegna mikilvægu hlutverki fyrir náttúruferðamennsku en eftirspurn eftir henni fer vaxandi. Gæði víðerna geta farið eftir fjarlægð frá byggð, fjarlægð frá aðkomuleiðum vélknúinna farartækja, hve náttúrulegt svæðið lítur út fyrir að vera og náttúrulegt ástand vistkerfa. Viðhorfskannanir meðal ferðamanna á miðhálendinu sýna að þeir telja ósnortin víðerni vera hluta af aðdráttarafla staðarins og jafnframt að miðhálendið sé víðerni þrátt fyrir að áhrifa mannsins gæti þar. Þau mannlegu ummerki sem ferðamenn telja helst skerða gildi víðerna eru hótel/gistihús, ummerki um utanvegaakstur, stíflumannvirki, rafmagnslínur og miðlunararlón<sup>7</sup>.

### Umhverfismat – viðmið

Við mat á þeim áhrifum sem framfylgd stefnunnar mun hafa í för með sér á landslag og ímynd eru eftirfarandi meginviðmið lögð til grundvallar:

#### Velferðar til framtíðar:

- Tryggt verði að stór samfelld víðerni verði áfram að finna í óbyggðum
- Reynt verði að byggja mannvirki utan skilgreindra víðerna en þar sem slíkt er ekki mögulegt verði þess gætt að þau valdi sem minnstu raski og sjónmengun
- Tekið sé tillit til útvistargildis við skipulagsákvarðanir

#### Landslagssamningur Evrópu:

- Markmið samningsins er að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags

#### Orkustefna:

- Að sjónræn og önnur umhverfisleg áhrif flutningskerfa séu takmörkuð eins og kostur er, m.a. með hagsmuni ferðaþjónustu og útvistarfolks í huga.

#### Lög um náttúruvernd nr. 44/1999:


- Í V. kafla er fjallað um landslagsvernd

### Ahrif stefnunnar

Skilgreindar stórar verndarheildir eru líklegar til að hafa jákvæð áhrif á landslag og auðvelda verndun stærri landslagsheilda og mun sú stefna styrkja eða viðhalda ímynd miðhálendisins og e.t.v. Íslands sem land lítt snortinnar náttúru.

Landsskipulagsstefna miðar að því að ekki verði fjöldað miðhálendismiðstöðvum og skálasvæðum umfram það sem nú þegar hefur verið mótuð stefna um í aðalskipulagi sveitarfélaga og ný gistiþjónustu byggist upp í jaðri miðhálendisins. Stýring og uppbygging innviða getur dregið úr beinum neikvæðum áhrifum á landslag og ímynd. Markmið landsskipulagsstefnu um tvo stofnvegi yfir miðhálendið og um skilgreiningu vega í skipulagsáætlunum er skref í átt að minni utanvegaakstri og getur hjálpað til við að draga úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á viðkvæmt land. Stefna um vegakerfi sem stuðlar að gerð vega sem falla að landslagi er líkleg til að viðhalda landslagi á miðhálendinu.

Raflínur eru einn mesti áhrifapáttur í opnu landslagi miðhálendisins. Þó að stefnan geri ráð fyrir að flutningskerfi raforku frá orkuöflun á miðhálendinu muni fylgja mannvirkjabelti geta raflínur verið sýnilegar víðar að og haft neikvæð áhrif á landslag utan mannvirkjabelts á miðhálendinu.



**Mynd 3.** Verndarheildir og mannvirkjabelti á miðhálendinu

#### 5.2.4 Náttúra og jarðvegur

##### Grunnástand

Innan miðhálendis Íslands eru nokkur mjög mikilvæg búsvæði fugla. Mestur fjölbreytileiki og þéttleiki varps er í miðhálendisvinjum svo sem Þjórsárverum og Veiðivötnum. Nokkrar fuglategundir eru algengari á hálendinu en láglendi, t.d. verpir meiri hluti heiðargæsarstofnsins þar og meira en helmingur álfta og himbrima<sup>8</sup>.


Gróðurfar miðhálendisins hefur verið greint á mjög einfaldaðan hátt í mosamóá og þembur, annan þurrleidisgróður, votlendi og bersvæðisgróður. Nú er unnið að kortlagningu s.k. vistgerða. Samkvæmt þeirri aðferðafræði sem þar er notuð hafa greinst nú þegar 24 vistgerðir og hefur verndargildi þeirra verið metið. Þessar vistgerðir eru misútbreiddar og kortlagningu miðhálendisins er ekki lokið<sup>9</sup>.

Rekbeltið liggar þvert yfir miðhálendið og liggur þar helsta sérstaða íslenskra gosmyndana með gíga, gígaraðir og hraundyngjur og eru þessar jarðminjar sumar hverjar einstakar á heimsvísu. Móbergshryggir og –stapar eru einnig í flokki einstakra jarðmyndana. Háhitasvæðin eru talin til merkari náttúrufyrirbæra, mjög fjölbreytt hvað varðar útlit og eðli hvera og efnainnihald í gufu og vatni. Jökulsorfið yfirborð einkennir svæði utan rekbeltanna. Vatnsföllin móta landið og búa mörg hver yfir fjölbreyttu lífríki ásamt stöðuvötnum<sup>10</sup>.

Í tengslum við gerð verndar- og orkunýtingaráætlunar mat Náttúrufræðistofnun Íslands 18 háhitasvæði á Íslandi. Háhitasvæði kennt við Torfajökul fékk hæstu einkunn og næst á eftir tvö undirsvæði þess, Austur-Reykjadalar og Landmannalaugar<sup>11</sup>.

Jarðvegur á Íslandi einkennist af áhrifum eldvirkni. Hann er almennt frjósamur, með mikinn næringarforða og mikið holurými. Hann er einnig fokgjarn og er jarðvegsrof umfangsmikið umhverfisvandamál á Íslandi. Mikið jarðvegsrof er á miðhálendi landsins, sérstaklega sendin svæði í nágrenni jöklar og eldfjalla. Jarðvegsrof sem felur í sér eyðingu gróðurlendis er alvarleg ógn við vistkerfi og þjónustu þeirra. Með hliðsjón af niðurstöðum rannsókna á jarðvegsrofi er stór hluti miðhálendisins ekki talinn hæfur til búfjárbeitar en stærstur hluti miðhálendisins er skilgreindur sem afréttir<sup>12</sup>.

Innan miðhálendisins eru 103 svæði sem eru friðlýst á grundvelli laga um náttúruvernd eða sérlaga. Auk þess eru innan miðhálendisins svæði sem eru á náttúruminjaskrá og sem eru hverfisvernduð samkvæmt aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga. Saman eru þessi svæði stór hluti miðhálendisins.



Stefnumörkun í náttúruvernd hér á landi hefur síðustu ár miðað að neti verndarsvæða, sem á alþjóðavísu er talin vera ein meginleiðin til að tryggja verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Hér á landi bætist við að víðerni njóta enn ekki sérstakrar verndar en hafa mikla sérstöðu innan miðhálendis landsins.

Verndarheildir eins og þær eru skilgreindar í landsskipulagsstefnu er samheiti yfir samfelld svæði með lágt byggingarstig og þar sem mannvirkjagerð er halddið í lágmarki. Innan þeirra geta verið skilgreind náttúruverndarsvæði þ.e. friðlýst svæði, hverfisverndarsvæði eða svæði sem njóta

annarrar verndar svo sem vatnsverndar og minjaverndar. Mannvirkjabelti liggja utan verndarheilda.

### Umhverfismat – viðmið

Við mat á áhrifum sem framfylgd stefnunnar mun hafa í för með sér á náttúrufar og jarðveg eru eftirfarandi meginviðmið lögð til grundvallar:

*Velferð til framtíðar :*

- Viðhaldið verði fjölbreytileika tegunda og vistkerfa
- Forðast verði frekari skerðing votlendis, birkiskóga og annarra lykilvistkerfa Íslands
- Fjölbreytni jarðmyndana verði varðveisst með því að vernda sérstakar eða einstakar jarðmyndanir á lands-, svæðis- og heimsvísu
- Beit verði stjórnað með tilliti til nýtingarþols og hættu á jarðvegseyðingu

*Samningur um líffræðilega fjölbreytni:*

- Stuðla að verndun líffræðilegrar fjölbreytni og sjálfbærri nýtingu lifandi náttúruauðlinda.

*Lög um náttúruvernd nr. 44/1999:*

- Í V. kafla er fjallað um landslagsvernd

### Áhrif stefnu

Stefna um stórar samfelldar verndarheildir er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á náttúru, sem stuðlar frekar að því að náttúran fái að þróast á eigin forsendum. Stórar verndarheildir styðja við vernd vistkerfa og fjölbreyttra jarðmyndana sem ná yfir stærri svæði. Það leiðir m.a. til jákvæðra áhrifa á ýmsa stofna t.d. fugla sem byggja afkomu sína á búsvæðum á miðhálendinu.

Stefna um að orkunýting og mannvirki henni tengd séu utan verndarheilda er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á náttúru.

Uppbygging samgöngunets getur dregið úr og jafnað álag á viðkvæm svæði með því að dreifa og stýra betur umferð ferðamanna. Skýrari skilgreining samgöngunets er til þess fallin að draga úr neikvæðum áhrifum utanvegaksturs á náttúru og jarðveg.

Stefna varðandi stýringu beitar er líkleg til að bæta gróðurþekju, vatnsbúskap og jarðveg og hafa jákvæð áhrif á náttúrufar og jarðveg.

### 5.2.5 Loftslag

#### Grunnástand

Árið 2000 var útstreymi CO<sub>2</sub> frá vegasamgöngum 602.000 tonn, en var orðið 852.000 tonn árið 2009. Losun CO<sub>2</sub> frá jarðvarmavirkjunum árið 2000 var 67.000 tonn en losunin komin í 175.000 tonn 2009. Losun gróðurhúsalofttegunda frá iðnaðarferlum sem helst tengjast stóriðju voru 863.000 tonn árið 2000 og var komin í 1.829.000 tonn árið 2009<sup>13</sup>.

### Umhverfismat – viðmið

Við mat á þeim áhrifum sem framfylgd stefnunnar mun hafa í för með sér á loftslag eru eftirfarandi meginviðmið lögð til grundvallar:

*Samgönguáætlun:*

- Stefnt er að samdrætti í losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna

*Velferð til framtíðar og Áætlun um aðgerðir í loftslagsmálum:*

- Draga skal úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna samgangna og jarðvegsrofs og auka bindingu með landgræðslu

### Áhrif stefnu

Spár gera ráð fyrir að ferðamannastraumur muni aukast til landsins, en nú þegar sækir fjöldi ferðamanna landið heim. Umferð ferðamanna til og frá landinu og um landið veldur losun gróðurhúsalofttegunda og fjölgun ferðamanna mun valda aukinni losun að öðru óbreyttu. Landsskipulagsstefnan leiðir í sjálfu sér ekki til fjölgunar ferðamanna og því ekki beint til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda.

Landsskipulagsstefnan gerir ekki ráð fyrir frekari orkuvinnslu vatns og jarðvarma á miðhálendinu og því hefur stefnan ekki áhrif á losun gróðurhúsalofttegunda hvað það varðar.

Stefnan felur í sér að gætt verði jafnræðis milli mismunandi ferðamáta við skipulag samgangna og stuðla þannig að notkun sjálfbærra samgöngumáta. Með þessu stuðlar stefnan að jákvæðum áhrifum á loftslag.

Jarðvegsrof og gróðureyðing leiðir af sér losun gróðurhúsalofttegunda. Markmið um stórar verndarheildir og beitarstjórnun í landsskipulagsstefnu eru líkleg til að stuðla að minni losun gróðurhúsalofttegunda vegna jarðvegseyðingar og hafa þannig jákvæð áhrif á loftslag.

### 5.3 Eftirfylgni og aðgerðir

Eftirfarandi tafla er samantekt á tillögum að eftirfylgni vegna mögulegra umhverfisáhrifa landsskipulagsstefnu um miðhálendið. Í eftirfylgni getur bæði verið fólgin vöktun tiltekins umhverfisþáttar og að fylgja eftir stefnu með öðrum aðgerðum sem geta dregið úr eða komið í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif og/eða stuðlað að jákvæðum áhrifum landsskipulagsstefnunnar.

Ekki er fjallað um þá fjölbættu vöktun og aðgerðir sem nú þegar eru til staðar vegna ýmissa umhverfisþáttta.

**Tafla 7.** Tillögur að eftirfylgni landsskipulagsstefnu um miðhálendið

Eftirfylgni	Umsjón / ábyrgð	Með hvaða hætti
<b>Vernd náttúru, landslags og menningarminja</b>		
Umfang skilgreindra verndarheilda á miðhálendinu	Skipulagsstofnun	Við afgreiðslu og staðfestingu aðalskipulags
Stærð ósnortinna víðerna, sbr. lög um náttúruvernd	Umhverfisstofnun	Með kortlagningu víðerna og miðlun upplýsinga
Þróun og verndun jarðmyndana	Náttúrufræðistofnun	Með skráningu náttúruminja og metur
<b>Orkunýting og orkuflutningar</b>		
Viðhorf ferðamanna, ferðaþjónustuaðila, landvarða og nytjaréttarhafa til náttúru og upplifunar	Ferðamálastofa	Viðhorfskönnum fjórða hvert ár
Mannvirkjagerð á mannvirkjabeltum og utan þeirra	Skipulagsstofnun	Við afgreiðslu og staðfestingu aðalskipulags
<b>Samgöngur, ferðaþjónusta og almannaréttur</b>		
Fjöldi ferðamanna og gistiþáttu á helstu áfangastöðum miðhálendisins	Hagstofa	Skráning og miðlun upplýsinga
Viðhorf ferðamanna, ferðaþjónustuaðila, landvarða og nytjaréttarhafa til náttúru og upplifunar	Ferðamálastofa	Viðhorfskönnum fjórða hvert ár
Jarðvegsrof á miðhálendi Íslands. Viðmið er að finna í <i>Velferð til framtíðar og landgræðsluáætlun</i>	Landgræðslan í samstarfi við sveitarfélöginn.	Með eftirliti og skráningu á ástandi jarðvegs og gróðurs
Skilgreining vega og útfærsla í aðalskipulagi	Umhverfis- og auðlindaráðuneytið Skipulagsstofnun	Setning reglugerðar Við afgreiðslu og staðfestingu aðalskipulags
<b>Beitarmál og landgræðsla</b>		
Jarðvegsrof á miðhálendinu. Viðmið er að finna í <i>Velferð til framtíðar og landgræðsluáætlun</i>	Landgræðslan í samstarfi við sveitarfélöginn	Með eftirliti og kortlagningu á ástandi jarðvegs og gróðurs
Þróun vistgerða og verndun jarðmyndana, sbr. lög um náttúruvernd	Náttúrufræðistofnun Íslands	Með skráningu náttúruminja og mat á verndargildi þeirra

## 5.4 Niðurstaða

Landsskipulagsstefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á vatn með skilgreiningu verndarheilda þar sem settar eru takmarkanir á umsvif og þar sem gert er ráð fyrir að vistkerfi styrkist og jarðvegseyðing minnki. Stefnan felur í sér að viðhalda og styrkja ímynd miðhálendisins. Tækifæri í ferðaþjónustu sem byggja á þeiri ímynd eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag og byggð. Stefna um samgöngur og skipulag vegakerfis er líkleg til að styðja við þessi jákvæðu áhrif.

Landsskipulagsstefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á landslag á miðhálendinu og styrkja eða viðhalda ímynd þess sem lítt snortinnar náttúru. Fjölgun ferðamanna vinnur gegn þessum jákvæðu áhrifum þó svo að stýring geti dregið úr neikvæðum áhrifum ferðamanna á viðkvæmt land.

Uppbygging vegna orkunýtingar er líkleg til að hafa neikvæð áhrif á landslag og ímynd þar sem áhrif munu ná út fyrir mannvirkjabeltið. Komi til uppbyggingar á meginflutningskerfi raforku yfir miðhálendið er hún líkleg til að hafa neikvæð svæðisbundin áhrif á landslag og neikvæð áhrif á ímynd.

Landsskipulagsstefna er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á náttúru og jarðveg með því að skilgreina stórar verndarheildir.

Skilgreining vega á miðhálendinu er líkleg til að draga úr neikvæðum áhrifum vegna utanvegaaksturs.

Beit sem tekur mið af ástandi vistkerfa er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á náttúrufar og jarðveg. Markmið um beitarstjórnun og landgræðslu eru líkleg til að binda gróðurhúslofttegundir og draga úr losun þeirra.

Á heildina litið er landsskipulagsstefna um miðhálendið líkleg til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Megin ástæða þess er að forsendur stefnumótunar snúa að því að viðhalda sérstöðu miðhálendisins samhliða mögulegri nýtingu auðlinda. Á meðan jákvæð áhrif vegna verndaráforma eru nokkuð ljós er óvissa um möguleg neikvæð áhrif vegna mögulegar uppbyggingar í tengslum við orkuflutninga. Skilgreining notkunar, nýtingar og afmörkun verndarheilda er mikilvæg eftirfylgni til þess að draga úr óvissu á áhrifum á vatn og loftslag, koma í veg fyrir möguleg neikvæð áhrif á landslag og tryggja jákvæð áhrif stefnunnar á samfélag, náttúru og landslag.

Eftirfarandi tafla er yfirlit um vægiseinkunn áhrifamats fyrir miðhálendið sbr. töflu 1.

**Tafla 8.** Vægi umhverfisáhrifa landsskipulagsstefnu fyrir miðhálendið

Umhverfisþáttur	Einkunn og vægi áhrifa
Vatn	<p>Stefnan felur ekki í sér tilfærslu á vatni og stuðlar því ekki að auknu álagi á vatnasvið.</p> <p>Styrkari vistkerfi og minni jarðvegseyðing stuðlar að jafnari miðlun vatns.</p> <p>Áhrifin geta verið til langs tíma.</p>
Samfélag og byggð	<p>Jákvæð áhrif á nokkurn fjölda fólks sem tengist beint eða óbeint ferðaþjónustu.</p> <p>Stefnan stuðlar að samræmdri áætlanagerð um nýtingu og verndun miðhálensisins.</p> <p>Áhrifin geta verið til langs tíma.</p>
Landslag og ímynd	<p>Uppbygging getur breytt einkennum landslags, fyrst og fremst vegna flutningskerfa raforku. Umfang landslagsbreytinga er þó óljós.</p> <p>Afmörkun stórra verndarheilda hefur jákvæð áhrif á landslag á stórum svæðum.</p> <p>Áhrif vegna flutningskerfis raforku hafa neikvæð áhrif á ímynd miðhálensisins - stefnt er að því að halda uppbyggingu innan mannvirkjabelta.</p> <p>Áhrif á mannvirkjabelti eru til langs tíma og að nokkru óafturkræf en mannvirkjabelti hafa minna verndargildi í heldur en verndarheildir.</p>
Náttúra jarðvegur og	<p>Afmörkun verndarheilda og skilgreining viðkvæmra svæða getur haft jákvæð áhrif á verndun vistkerfa og samfelldra jarðmyndana.</p> <p>Áhrifin ná yfir stór samfelld svæði.</p> <p>Skilgreining verndarheilda og viðkvæmra svæða eykur eða viðheldur verndargildi umhverfisþáttarins.</p> <p>Stefna samræmist margvíslegrí stefnumörkun stjórnvalda um náttúruvernd.</p> <p>Áhrif geta verið til langs tíma og að nokkru óafturkræf.</p>
Loftslag	Skilgreining verndarheilda og stefna um beitarstjórnun er líkleg til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Útskýringar	
	Jákvæð
	Óveruleg jákvæð
	Óveruleg neikvæð
	Neikvæð
	Óvissa

## 6 Umhverfismat stefnu fyrir búsetumynstur og dreifingu byggðar

Í þessum kafla er gerð grein fyrir umhverfisáhrifum tillögu að landsskipulagsstefnu fyrir búsetumynstur og dreifingu byggðar. Við umhverfismatið var beitt sömu aðferðum og við umhverfismat stefnu fyrir miðhálendið.

Í kafla 6.1 er birt tillaga að stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar úr *Landsskipulagsstefnu 2013-2024*, þ.e. leiðarljós, markmið og leiðir en í kafla 6.2 er gerð grein fyrir líklegum umhverfisáhrifum við framfylgd stefnunnar. Í landsskipulagsstefnu eru sett fram stefnumið um eftirtalda þætti:

1. Uppbygging og verndun
2. Samgöngur, veitukerfi, nærbjónusta og vinnusókn
3. Landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands

### 6.1 Leiðarljós

Skipulag byggðar styður við fjölbreyttan ferðamáta og greiðar og öruggar samgöngur og góð tengsl eru á milli íbúða, atvinnusvæða og náttúrusvæða.

Skýr skil eru á milli þéttbýlis og aðliggjandi landbúnaðarlands og svæði sem njóta verndar vegna náttúru- eða menningarminja eru styrkt sem slík.

Byggð fellur vel að landslagi og íbúar hafa gott aðgengi að náttúruverndarsvæðum í sínu daglega umhverfi.

Skipulag byggðar tekur mið af náttúrvá og náttúrfari almennt, á viðkomandi svæði.

Verðmætt landbúnaðarland er flokkað eftir jarðgæðum til ræktunar og það tekið frá til framtíðarnota.

### 6.1.1 Uppbygging og verndun

#### Markmið

Að standa vörð um svæði með verndargildi vegna náttúrfars, landslags, sögu, vatnsverndar eða fornminja.

Að byggð verði skipulögð með tilliti til náttúrvár og breytinga í hinu náttúrulega umhverfi, svo sem vegna loftslagsbreytinga.

Að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningararfí verði skilað óspilltum til komandi kynslóða.

Að við skipulag byggðar verði sérstaklega hugað að lífsgæðum og aðgengi að opnum svæðum og náttúru í daglegu umhverfi íbúa.

Að ný íbúðarbyggð verði almennt komið fyrir innan núverandi þéttbýlis eða í þéttu og samfelldu framhaldi af byggð sem fyrir er.

Að fjölgun íbúða utan þéttbýlis verði fyrst og fremst í tengslum við búrekstur eða aðra atvinnustarfsemi í dreifbýli.

Að frístundabyggð verði á afmörkuðum svæðum, falli vel að landslagi og taki mið af verndargildi svæðisins.

#### Leiðir

- a. Í aðalskipulagi verði verndargildi svæða metið t.d. með greiningu vistgerða, landslags, fornlleifa og vatnsverndar. Þessar upplýsingar verði nýttar til að marka stefnu um yfirbragð byggðar og hverfisvernd.
- b. Við gerð aðalskipulags verði sérstaklega hugað að aðgengi íbúa að opnum svæðum og náttúru í sínu daglega umhverfi.
- c. Sveitarfélög sem marka stefnu um íbúðir í dreifbýli taki mið af staðháttum, hafi sjónarmið um sjálfbæra þróun í huga frekar en að marka stefnu um tiltekinn fjölda íbúðarlóða á jörðum án tengsla við búrekstur.
- d. Sveitarfélög marki í aðalskipulagi stefnu um að þetta byggð og stytta vegalengdir milli heimilis, vinnustaðar og nærbjónustu. Leitast verði við að beina vexti í þéttbýli inná við, svo sem með því að skilgreina vaxtarmörk þéttbýlisstaða í aðalskipulagsáætlunum.

- e. Í aðalskipulagsáætlunum verði fyrst og fremst gert ráð fyrir frístundahúsum í samfelldum hverfum. Við skipulag slíkra hverfa verði sérstaklega gætt að vatnsvernd og fráveitu.
- f. Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja fer fram við skipulagsgerð sveitarfélaganna (aðalskipulag og deiliskipulag). Leitast verði við að nýta þær upplýsingar til að marka stefnu um yfirbragð byggðar og hverfisvernd sbr. a-lið.
- g. Við gerð aðalskipulags skal lagt mat á og tekið tillit til hættu sem talin er stafa af náttúruvá, svo sem af snjóflóðum, skriðuföllum, vatnsflóðum, eldgosum, jarðskjálftum og hækjun yfirborðs sjávar með það að markmiði að varna gegn slysum á fólk og tjóni á mannvirkjum.

### 6.1.2 Samgöngur, veitukerfi, nærbjónusta og vinnusókn

#### Markmið

Að skipulagi byggðar sé þannig hagað að hugað sé að hagkvæmni við uppbyggingu, viðhald og rekstur grunnkerfa.

Að skipulag byggðar stuðli að fjölbreyttum og vistvænum ferðamátum og góðum tengslum á milli íbúða og þjónustu.

#### Leiðir

- a. Í aðalskipulagsáætlunum sveitarfélaga verði ný íbúðarbyggð almennt skipulögð í þéttu og samfelldu framhaldi af byggð sem fyrir er, eftir því sem staðhættir leyfa og með góðum tengingum við eldri byggð. Stefnt verði að því að blanda atvinnustarfsemi, verslun og þjónustu og tengja hana íbúðarbyggð til að stytta ferðaleiðir.
- b. Skipulag almenningssamgangna verði hluti af aðalskipulagsgerð og hugað verði að almenningssamgöngum á milli þéttbýlisstaða.
- c. Aðalskipulag stuðli að hreyfanleika með fjölbreyttum og heilsuvænum ferðamátum þ.m.t. fyrir hjólandi og gangandi.
- d. Efla verði samskipti skipulagsfirvalda sveitarfélaga og samgönguyfirvalda í samræmi við áherslu þess efnis í *Samgönguáætlun 2011-2022*. Meðal annarra áherslna í því samstarfi verði samræming í stefnumótun stjórvalda og skipulagsfirvalda, efling almenningssamgangna og annarra vistvænna samgöngumáta.



### 6.1.3 Landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands

#### Markmið

Að standa vörð um verðmætt landbúnaðarland til ræktunar til að tryggja matvælaframleiðslu til framtíðar.

Að viðhalda ásýnd landbúnaðarlands sem búsetu- og menningarlandslags.

Að staðir og svæði sem hafa verndargildi vegna menningar og metnaðar fyrri tíma, njóti verndar.

#### Leiðir

- a. Í aðalskipulagsáætlunum verði landbúnaðarland skilgreint og flokkað m.t.t. verðmætis til ræktunar og mikilvægis sem landbúnaðarland.
- b. Sveitarfélög skilgreini í aðalskipulagi gildi landslags til að styðja við lífsgæði, ímynd, atvinnulíf og sjálfsmynd samfélagsins, í samræmi við markmið evrópska landslagssáttmáls.
- c. Skipulagsstofnun gefi út leiðbeiningar í samstarfi við stofnanir landbúnaðarins um flokkun landbúnaðarlands og greiningu landslags í aðalskipulagi sveitarfélaga.
- d. Landbúnaðarsvæði sem teljast verðmæt vegna núverandi eða mögulegrar ræktunar eða eru mikilvæg fyrir landbúnað að öðru leyti verði ekki tekin úr landbúnaðarnotum nema brýna nauðsyn beri til.

## 6.2 Umhverfisáhrif stefnu um búsetumynstur og dreifingu byggðar

Í eftirfarandi umfjöllun um umhverfisáhrif og mat á vægi þeirra er fyrir hvern hinna skilgreindu umhverfisþátta, þ.e. vatn, samfélag og byggð, landslag og ímynd, náttúru og jarðveg og að lokum loftslag. Gerð er grein fyrir grunnástandi hvers umhverfisþáttar, tilgreind eru helstu viðmið úr stefnuskjölum stjórvalda sem lögð eru til grundvallar við umhverfismatið og að lokum er gerð grein fyrir líklegum umhverfisáhrifum af tillögu að landsskipulagsstefnu um eftirfarandi viðfangsefni:

- Uppbygging og verndun
- Samgöngur, veitukerfi, nærbjónusta og vinnusókn
- Landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands

### 6.2.1 Vatn

#### Grunnástand

Neysluvatn er víðast hvar á Íslandi ríkulegt að magni og gæðum og er um 95% af drykkjarvatni ómeðhöndlað grunnvatn<sup>14</sup>. Góð vatnsból eru hins vegar ekki sjálfgefin og eftir langvarandi þurrkatíð getur vatnsskortur komið fram. Fráveit eru einn af þeim þáttum sem skapa álag á vatn, grunnvatn og yfirborðsvatn. Takmarkaðar upplýsingar eru til staðar um fráveitumál, en um 8% af fráveitum sem notaðar eru að staðaldri eru rotþrær en að auki eru iverustaðir ferðamanna og sumardvalargesta tengdir slíkum kerfum<sup>15</sup>. Litið er vitað um ástand þessara kerfa né hvort staðsetning þeirra ógni vatnsbólum. Yfirsýn yfir fyrirkomulag fráveitna er því mikilvæg til að viðhalda viðhalda og bæta ástand vatns.

#### Umhverfismat – viðmið

Við mat á þeim áhrifum sem framfylgd stefnunnar mun hafa í för með sér á vatn eru eftirfarandi meginviðmið lögð til grundvallar:

##### Velferðar til framtíðar:

- Allir hafi kost á nægu, heilnæmu og ómenguðu vatni
- Tilvik þar sem neysluvatn mengast heyri til undantekninga

#### Áhrif stefnu

Takmörkun á dreifingu byggðar og uppbyggingar utan þéttbýlis er forsenda fyrir skilvirkari fráveitu og stuðlar að verndun grunnvatns. Með þessari stefnu er líklegt að betri yfirsýn fáist yfir grunnvatnsnotkun og álagspunktum vegna fráveitu og stjórnun vatnsauðlindarinnar verði þar með markvissari. Stefnan er því líkleg til að hafa jákvæð áhrif á vatn.

Með því að standa vörð um svæði með verndargildi vegna vatnsverndar svo sem með því að gera ekki ráð fyrir byggð á verndarsvæðum, né annarri landnotkun sem líkleg er til að hafa mengandi áhrif, er ólíklegt að vatn verði fyrir neikvæðum áhrifum. Með því að gera ráð fyrir að byggð verði ekki á verndarsvæðum er ólíklegt að votlendi verði fyrir neikvæðum áhrifum.

## 6.2.2 Samfélag og byggð

### Grunnástand

Upplýsingar liggja fyrir um hversu mikið af landi á Íslandi er notað til túnræktar og akuryrkju, eða 1.200-1.280 km<sup>2</sup>. Meiri óvissa er um hversu mikið land á Íslandi telst ræktanlegt en það er þó talsvert meira en nú þegar hefur verið ræktað og hefur verið áætlað að það geti verið um 6.000 km<sup>2</sup>. Þetta er verðmæt auðlind sem talið er mikilvægt að varðveita m.a. með hliðsjón af fæðuöryggi og þörf fyrir landbúnaðarland í framtíðinni<sup>16</sup>. Að mati nefndar um landnotkun er þörf á stefnumörkun um hvernig fæðuöryggi þjóðarinnar verði tryggt til framtíðar<sup>17</sup>.

Jarðir í ábúð voru um 4.300 í lok árs 2008 en hefðbundinn búskapur (sauðfé og nautgripir) stundaður á innan við 2.700 jördum.

Talsverð aukning hefur verið í kornrækt undanfarin ár og er nú stunduð á um 50 km<sup>2</sup> lands. Skógræktarland er um 343 km<sup>2</sup> og gert er ráð fyrir að það haldi áfram að stækka<sup>18</sup>.

Fjöldi frístundahúsa á landinu var rúmlega 12.000 árið 2010. Talsverð aukning hefur verið í fjölda frístundahúsabyggða og fjölda gistenáttu í slíkum byggðum undanfarin ár.

Á tímabilinu 1991-2000 voru 791 ha landbúnaðarlands á 24 svæðum leystir úr landbúnaðarnotum. Af þeim voru 754 ha undir frístundabyggð en 37 ha undir íbúðarbyggð. Á tímabilinu 2000-2010 voru 210 svæði leyst úr landbúnaðarnotum á alls 6.550 ha þar af 3.265 ha frístundabyggð<sup>19</sup>.

### Umhverfismat - viðmið

Ekki liggja fyrir opinber viðmið fyrir mat á þeim áhrifum sem framfylgd stefnunnar mun hafa í för með sér á samfélag og byggð en höfð er hliðsjón af viðteknum sjónarmiðum um að þéttинг byggðar og umfangsminna grunnkerfi styðji við sjálfbæra þróun.

### Áhrif stefnunnar

Stefna um afmörkun og viðhald verndarsvæða skapar möguleika til náttúruupplifunar og hefur með því jákvæð áhrif á samfélag. Íbúar og aðrir hafa með því tækifæri til að njóta náttúru- og menningarminjar sem umhverfi þeirra hefur upp á að bjóða. Skipulag byggðar þar sem sérstaklega er hugað að lífsgæðum og góðu aðgengi íbúa að náttúru í daglegu umhverfi þeirra stuðlar að betri lýðheilsu.

Stefna um að nýrri íbúðarbyggð verði almennt komið fyrir innan númerandi þéttbýlis eða í samfelli við byggð sem fyrir er, getur haft áhrif á staðsetningu og eðli þjónustu og atvinnulífs á hverjum stað. Með þéttingu og blöndun byggðar er leitast við að draga úr þörf fyrir lengri ferðir og þar með úr notkun einkabíls. Samfelld og þétt byggð getur því stuðlað að breyttum ferðavenjum með aukinni notkun almenningssamgangna, hjólandi og gangandi, þar sem því verður við komið. Breyting á ferðavenjum íbúa er líkleg til að hafa áhrif á lýðheilsu vegna aukinnar hreyfingar, minni loftmengunar og minni hávaða frá umferð. Jákvæð áhrif á heilsu íbúa teljast til jákvæðra samfélagslegra áhrifa.

Skipulag byggðar sem stuðlar að skilvirku og hagkvæmu grunnkerfi styður við sjálfbæra þróun og hefur jákvæð áhrif á samfélag.

Stefna um að flokka og vernda verðmætt landbúnaðarland styrkir landbúnaðarhéruðin og möguleika þeirrar til fjölbreyttari akuryrkju í framtíðinni. Verðmætasta landbúnaðarlandinu er haldið til haga svo það sé aðgengilegt til matvælaframleiðslu og stuðlar það að auknu fæðuöryggi. Takmarkanir á ráðstöfun landbúnaðarlands til annarrar landnotkunar geta haft áhrif á rekstrargrundvöll bújarða.

[Stefna um að staðsetja byggð utan svæða þar sem hætta er talin á náttúruvá styður við öryggi íbúa og dregur úr hætta á tjóni á eignum og stuðlar því að jákvæðum áhrifum á samfélag og byggð.](#)

### 6.2.3 Landslag og ímynd

#### Grunnástand

Menningarlandslag í dreifbýli hér á landi hefur lengst af einkennst af sveitabæjum með ræktuðu landi í kringum. Landslagið er mismunandi milli sveita, hvort um er að ræða dali, víðáttumiklar sléttur eða þrónga firði með litlu undirlendi. Eins skiptir tegund búskapar talsverðu máli um ásýnd og afar misjafnt er hversu þéttbýlt er eftir sveitum.

#### Umhverfismat – viðmið:

Við mat á þeim áhrifum sem framfylgd stefnunnar mun hafa í för með sér á landslag og ímynd eru eftirfarandi meginviðmið lögð til grundvallar:

*Lög um náttúruvernd nr. 44/1999:*

- Í V. kafla er fjallað um landslagsvernd

*Landslagssamningur Evrópu:*

- Markmið samningsins er að stuðla að verndun, stýringu og skipulagi landslags

#### Áhrif stefnu

Stefna um samfelldari íbúðarbyggð og frístundabyggð á afmörkuðum svæðum leiðir til heildstæðari náttúrulegra landslagsheilda og hefur þannig jákvæð áhrif á landslag og ímynd.

Stefnan er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á menningarlandslag með viðhaldi bújarða og að dregið sé úr byggingu stakra íbúðar- og frístundahúsa á landbúnaðarsvæðum.

Þéttung byggðar er líkleg til að draga úr þörf fyrir uppbyggingu innviða til að þjóna dreifðri byggð, svo sem vega og veitukerfa, sem aftur leiðir af sér minna rask á landslagi vegna mannvirkjagerðar og minni þörf fyrir efnisnám. Stefnan er því líkleg til að draga úr neikvæðum áhrifum á landslag.

### 6.2.4 Náttúra og jarðvegur

#### Grunnástand

Dreifbýli landsins býr yfir margvíslegrí náttúru og þar er að finna mikilvægasta ræktunarlandið m.t.t. jarðvegs. Náttúrufar er ólíkt eftir landshlutum en þar má finna náttúrufyrirbæri sem njóta

verndar skv. lögum um náttúruvernd, svo sem nútímahraun og votlendi og áhugaverðar landslagsheildir. Ummerki búskapar, skógræktar, frístundabyggðar og samgangna hafa í gegnum tíðina haft áhrif á náttúru og jarðveg, mismikið eftir landshlutum.

### Umhverfismat- viðmið

Við mat á þeim áhrifum sem framfylgd stefnunnar mun hafa í för með sér á náttúru og jarðveg eru eftirfarandi meginviðmið lögð til grundvallar:

*Lög um náttúruvernd nr. 44/1999*

- Í V. kafla er fjallað um landslagsvernd

### Áhrif af stefnu

Þéttung byggðar og takmarkanir á uppbyggingu utan þéttbýlis eru líkleg til að hafa jákvæð áhrif á viðhald og verndun búsvæða, vistkerfa og jarðmyndana.

Takmörkun á dreifingu byggða dregur úr þörf fyrir uppbyggingu á þjónustukerfum. Með þessu er dregið úr neikvæðum áhrifum á náttúru vegna framkvæmda.

Takmarkanir á ráðstöfun landbúnaðarlands til annarrar landnotkunar getur dregið úr þörf á að brjóta nýtt land og óraskað undir ræktun.

## 6.2.5 Loftslag

### Grunnástand

Losun koldíoxíðs frá vegasamgöngum var árið 2000 alls 602.000 tonn. Árið 2007 var losunin orðin 904.000 tonn en lækkaði síðan niður í 852.000 tonn árið 2009<sup>20</sup>.

Skógrækt og endurheimt vistkerfa stuðlar að bindingu og/eða minni losun gróðurhúsalofttegunda. Framræsla votlendis og jarðvegseyðing stuðlar að aukinni losun gróðurhúsalofttegunda.

### Umhverfismat - viðmið

Við mat á þeim áhrifum sem framfylgd stefnunnar mun hafa í för með sér á loftslag eru eftirfarandi meginviðmið lögð til grundvallar:

*Samgönguáætlun:*

- Dregið verði úr losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum

### Áhrif stefnu

Loftslag er einn veigamesti umhverfisþáttur í stefnumótun um tengsl byggðar og samgangna í skipulagi, ekki síst m.t.t. alþjóðlegrar umræðu um málefnið.

Með áherslu á þéttari, samfelldari og blandaðri byggð og styttri vegalengdir milli heimilis, vinnustaðar og nærbjónustu skapast grundvöllur til þess að breyta ferðavenjum og draga úr þörf á notkun einkabílsins. Stefnan gerir ráð fyrir að mörkuð verði stefna um almenningssamgöngur í

aðalskipulagi, svo sem á milli þéttbýlisstaða. Aukin vernd svæða með verndargildi, einkum votlendis og skóga, er líkleg til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.

### 6.3 Eftirfylgni og aðgerðir

Í töflu 9 á næstu síðu er yfirlit yfir tillögur að viðmiðum og aðgerðum til að hafa til hliðsjónar við eftirfylgni á framfylgd landsskipulagsstefnunnar og að umhverfisáhrif verði eins og gert er ráð fyrir í umhverfismatinu vegna mögulegra umhverfisáhrifa búsetumynsturs og dreifingu byggðar. Eftirfylgni getur bæði verið fólgin í vöktun tiltekins umhverfisþáttar og framfylgd stefnu með öðrum aðgerðum sem geta dregið úr eða komið í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif og/eða stuðlað að jákvæðum áhrifum landsskipulagsstefnu.

Ekki er fjallað um þá fjölbættu vöktun og aðgerðir sem nú þegar eru til staðar vegna ýmissa umhverfisþáttta.

**Tafla 9.** Tillögur að eftirfylgni landsskipulagsstefnu um búsetumynstur

Eftirfylgni - Búsetumynstur	Umsjón / ábyrgð	Með hvaða hætti
<b>Uppbygging og verndun</b>		
Fjölgun íbúða á landbúnaðarsvæðum án tengsla við	Skipulagsstofnun	Við afgreiðslu og staðfestingu aðalskipulags
Fjölgun íbúða innan þéttbýlis og í samfelli við byggð sem fyrir er	Skipulagsstofnun	Við afgreiðslu og staðfestingu aðalskipulags
Tengsl um búsetumynstur við íbúaþróun og hvernig stefnan tekur mið af samsetningu íbúðagerða, aldurssamsetningu íbúa og fjölskyldugerð	Skipulagsstofnun þjóðskrá	Samvinna þessara stofnana um að þroa aðferðir til að skrá íbúðir á jörðum án tengsla við búskap
<b>Samgöngur, veitukerfi, nærpjónusta og vinnusókn</b>		
Kostnaður við uppbyggingu, rekstur og þjónustu grunnkerfa og ástand þeirra	Samband íslenskra sveitarfélaga  Samorka	Skráning og miðlun upplýsinga
Ferðalengdir og ferðavenjur	Vegagerðin  Sveitarfélögin	Könnun á ferðavenjum
Losun gróðurhúsalofttegunda frá samgöngum	Umhverfisstofnun	Fylgist með losun
<b>Landbúnaður, menningarlandslag og ásýnd lands</b>		
Staða og þróun í stærð landbúnaðarlands ræktanlegs lands	Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið  Skipulagsstofnun	Við afgreiðslu staðfestingu aðalskipulags
Yfirbragð og ásýnd landbúnaðarsvæða	Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytið	
Gerð leiðbeininga um flokkun landbúnaðarlands eftir verðmæti og m.t.t. verðmætis landslags	Skipulagsstofnun í samstarfi við LBHÍ	
Gerð leiðbeininga um hverfisvernd	Skipulagsstofnun	

## 6.4 Niðurstaða

Landsskipulagsstefna er líkleg til að bæta yfirsýn yfir vatnsvernd og álagspunktta tengda byggð og hafa með því jákvæð áhrif á vatn.

Stefnan felur í sér að viðhalda landbúnaðarlandi sem verðmætt er til fæðuframleiðslu og er þannig líkleg til að hafa jákvæð áhrif á samfélag og fæðuöryggi. Takmörkun á ráðstöfun landbúnaðarlands getur verið hamlandi fyrir rekstur og nýtingu bújarða til annarra nota.

Stefna um þéttingu byggðar er líkleg til að auka fjölbreytni ferðamáta, auka umferðaröryggi og stuðla þannig að bættri lýðheilsu sem felur í sér jákvæð áhrif. Sama gildir um að auka hverfisvernd sem gefur aukin tækifæri til útvistar og náttúruupplifunar.

Stefna um verndun menningarlandslags og þéttingu byggðar er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á landslag.

Stefna um aukna hverfisvernd er líkleg til að hafa jákvæð áhrif á náttúru. Eins er takmörkun á dreifingu byggðar, takmarkanir á ráðstöfun landbúnaðarlands og uppbyggingu þjónustukerfa líkleg til að hafa jákvæð áhrif á náttúru.

Þéttинг byggðar getur skapað grundvöll fyrir breytingum á ferðavenjum með áherslu á loftslagsvænni samgöngumáta en einkabíl. Með því dregur úr losun gróðurhúsalofttegunda, sem hefur jákvæð áhrif á loftslag.

Á heildina litið er stefna um búsetumynstur og dreifingu byggðar líkleg til að valda jákvæðum áhrifum á umhverfisþætti sem voru til umfjöllunar í matinu. Umfang áhrifa er þó háð eftirfylgni á síðari skipulagsstigum og samþættri vinnu sveitarfélaga. Ljóst er að stefnan kallar á breyttu stefnu í skipulagi, sem felur í sér skýr áform um að koma í veg fyrir frekari dreifingu byggðar.

Stefna um að þéッta byggð nær til alls landsins. Litið er svo á að dreifingu búsetu fylgi ákveðnir annmarkar svo sem aukinn kostnaður í viðhaldi, rekstri og þjónustu innviða, neikvæð áhrif á lýðheilsu vegna ferðavenja sem fylgja dreifðri byggð, rasks á náttúru og landslagi vegna mannvirkjagerðar.

Eftirfarandi tafla er yfirlit um vægiseinkunn áhrifamats fyrir búsetumynstur sbr. töflu 1.

**Tafla 10.** Vægi umhverfisáhrifa landsskipulagsstefnu um búsetumynstur

Umhverfisþáttur	Einkunn og vægi áhrifa
Vatn	<p>Afmörkun og stjórnun vatnsauðlinda hefur jákvæð áhrif á einkenni/eðli vatns.</p> <p>Áhrif eru á landsvísu og ná til allra landsmanna.</p> <p>Áhrif eru fólgin í viðhaldi og/eða auknu verndargildi vatnsauðlindar.</p> <p>Í samræmi við stefnu stjórvalda, lög og reglugerðir um vatn.</p> <p>Áhrif geta verið til langs tíma.</p>
Samfélag og byggð	<p>Jákvæð áhrif á samfélag, fyrst og fremst m.t.t. lýðheilsu en einnig aukinni hagkvæmni vegna stefnu um þéttari byggð.</p> <p>Stefnan stuðlar að samræmdri áætlanagerð um þéttingu byggða og takmörkun á dreifingu byggðar.</p> <p>Áhrifin geta verið til langs tíma.</p>
Landslag og ímynd	<p>Jákvæð áhrif á landslag og ímynd. Dregur úr eða kemur í veg fyrir neikvæð áhrif uppbyggingar á menningar- og búsetulandslag.</p> <p>Áhrifin verða á landsvísu og ná til fjölda fólks svo sem vegna takmörkunar á dreifingu byggðar, verndar menningarlandslags og afmörkunar verndarheilda.</p> <p>Stefna um hverfisvernd viðkvæmra svæða stuðlar að jákvæðri þróun landslags og ímyndar.</p> <p>Áhrifin eru í samræmi við stefnu stjórvalda um landslagsvernd.</p> <p>Áhrifin eru til langs tíma.</p>
Náttúra og jarðvegur	<p>Jákvæð áhrif á náttúru og jarðveg. Dregið er úr raski vegna dreifingar byggðar. Stefnan stuðlar að aukinni hverfisvernd.</p> <p>Áhrifin verða á landsvísu og ná til fjölda fólks svo sem vegna takmörkunar á dreifingu byggðar, verndar menningarlandslags og afmörkunar verndarheilda.</p> <p>Hverfisvernd eykur verndargildi viðkomandi svæða.</p> <p>Stefna samræmist stefnumörkun stjórvalda um náttúruvernd.</p> <p>Áhrifin geta verið til langs tíma.</p>
Loftslag	Áhrif þéttigar er almennt talin vera jákvæð, t.d. vegna breytingar á ferðavenjum í dreifbýli, orkusparnaðar og rask á votlendi verður minna.

Útskýringar	
	Jákvæð
	Óveruleg jákvæð
	Óvissa

## 7 Umhverfisáhrif landsskipulagsstefnu

### 7.1 Heildaráhrif landsskipulagsstefnu

Á heildina litið er landsskipulagsstefna líkleg til að hafa jákvæð áhrif á umhverfið. Veigamestu jákvæðu áhrifin eru fólgir í afmörkun verndarheilda og með því leitast við að standa vörð um sérstöðu miðhálendisins og beina meiri háttar framkvæmdum á mannvirkjabelti.

~~Á meðan jákvæð áhrif vegna verndaráforma eru nokkuð ljós í landsskipulagsstefnunni er meiri óvissa um möguleg neikvæð áhrif vegna uppbryggings í tengslum við orkuvinnslu, sérstaklega hvað varðar orkuflutning á landslag og ímynd.~~

Með landsskipulagsstefnu er sett fram sú heildarsýn að vöxtur byggðar eigi ekki að leiða til dreifingar hennar og stefnt skuli að sjálfbærari ferðamáta og hagkvæmu grunnkerfi með þéttari og blandaðri byggð. Huga á að lífsgæðum og landslagi í daglegu umhverfi íbúa.

Þá leggur stefnan til að landbúnaðarland verði flokkað og verðmætt land fyrir ræktun verði ekki tekið til annarrar landnotkunar með ásýnd menningarlandslags og framtíðar hagsmuni í landbúnaði að leiðarljósi.

Lögð verði áhersla á að skilgreina þau svæði sem ber að vernda vegna náttúru- og menningarminja og vatnsverndar t.d. sem hverfisverndarsvæði. Stefnumörkun sem þessi er líkleg til að hafa jákvæð áhrif í för með sér.

**Tafla 11.** Umhverfisáhrif tillögu að landsskipulagsstefnu

Áhrif landsskipulagsstefnu	Vatn	Samfélag og byggð	Landslag og ímynd	Náttúra og jarðvegur	Loftslag
Skipulag miðhálendisins					
Búsetumynstur og dreifing byggðar					

Útskýringar	
	Jákvæð
	Óveruleg jákvæð
	Óvissa



## 8 Heimildir

---

Alþingi (2009). Tillaga til þingsályktunar um náttúruverndaráætlun 2009-2013. Þskj 239.

Alþingi (2011). Þingsályktun um ferðamálaáætlun 2011-2020. Þskj. 1657.

Alþingi, 2012. Þingsályktun um samgönguáætlun fyrir árin 2011-2022.

Alþingi (2012). Þingsályktun um samgönguáætlun 2011-2022.

Anna Dóra Sæþórsdóttir (2012). Ferðamennska á miðhálendi Íslands: Staða og spá um framtíðarhorfur.

Hagstofa Íslands, 2012. Sótt af: <http://hagstofan.is/Hagtolur/Land-og-umhverfi/Losun-lofttegunda>

Loftslagssamningur SP, Kyoto-bókunin. Sótt af: <http://www.umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/127>

[NI-02016](#) (pdf 3MB). Verndun tegunda og svæða. Tillögur Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna Náttúruverndaráætlunar 2002. Höf: Ólafur Einarsson, Hörður Kristinsson, Kristinn Haukur Skarphéðinsson og Jón Gunnar Ottósson

Ólafur Arnalds, Elín Fjóla Þórarinsdóttir, Sigmar Metúalemsson, Ásgeir Jónsson, Einar Grétarsson og Arnór Árnason, 1997. Jarðvegsraf á Íslandi. Landgræðsla ríkisins og Rannsóknastofnun landbúnaðarins.

María Gunnarsdóttir, 2012. Öryggi neysluvatns: Reynsla af innra eftirliti Vatnsveitna og áhættuþættir mengunar.

Ríosamningurinn um verndun líffræðilegrar fjölbreytni. Sótt af: <http://umhverfisraduneyti.is/althjodlegt-samstarf/samningar/nr/58>

Sigurður H. Magnússon, Borgþór Magnússon, Erling Ólafsson, Guðmundur Guðjónsson, Guðmundur A. Guðmundsson, Hörður Kristinsson, Kristbjörn Egilsson, Kristinn H. Skarphéðinsson, Starri Heiðmarsson og Jón Gunnar Ottósson, 2009. *Vistgerðir á miðhálendi Íslands. Flokkun, lýsing og verndargildi*. Náttúrufræðistofnun Íslands. NÍ-09008.

Sigurður Jens Sigurðarson, 2012. Landnotkun bújarða – kortlagning og þróun.

Stýrihópur 20/20 Sóknaráætlunar, 2010. Niðurstöður 20/20 Sóknaráætlunar.

Umhverfisstofnun, 2003. Náttúruverndaráætlun 2004-2008 – Aðferðarfræði. Tillögur Umhverfisstofnunar um friðlýsingar. Unnið í samvinnu við Náttúrufræðistofnun. Umhverfisráðuneytið, 2010. Aðgerðaráætlun í loftslagsmálum.

Umhverfisráðuneytið, 2002. Velferð til framtíðar. Sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Stefnumörkun til 2020.

Umhverfisráðuneytið, 2010. Velferð til framtíðar - sjálfbær þróun í íslensku samfélagi. Áherslur 2010 – 2013.

Umhverfisráðuneytið, 2011. Náttúruvernd. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands. Ritstj. Aagot V Óskarsdóttir. ISBN 978-9979-839-31-6.

Þórólfur Halldórsson, 2010. Skýrsla nefndar um landnotkun. Athugun á notkun og varðveislu ræktanlegs lands. Til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra. Febrúar 2010.

---

<sup>1</sup> Skipulagsstofnun, 2005.

<sup>2</sup> Jarðvegsrof á Íslandi, RALA og Landgræðslan 1997.

<sup>3</sup> Annar Dóra Sæðórsdóttir, 2012, bls. 15.-17.

<sup>4</sup> Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2012, bls. 19-20.

<sup>5</sup> Vegagerðin, 2012. Vegakerfið 2012.

<sup>6</sup> Vegagerðin 2010. Vegaskrá með leiðarlýsingum.

<sup>7</sup> Anna Dóra Sæþórsdóttir, 2012, bls. 25.

<sup>8</sup> Umhverfiráðuneytið 2011. Hvítbók, bls. 44-48.

<sup>9</sup> Sigurður H. Magnússon o.fl., 2009.

<sup>10</sup> Umhverfisráðuneytið 2011, Hvítbók.

<sup>11</sup> Náttúrufræðistofnun Íslands, 2009. Mat á verndargildi 18 háhitavæða bls. 38.

<sup>12</sup> Ólafur Arnalds o.fl., 1997.

<sup>13</sup> Hagstofa Íslands, 2012.

<sup>14</sup> Umhverfisráðuneytið, 2002.

<sup>15</sup> María Gunnarsdóttir, 2012.

<sup>16</sup> Skýrsla nefndar um landnotkun, 2010. Bls. 19-20.

---

<sup>17</sup> Þórólfur Halldórsson o.fl., 2010.

<sup>18</sup> Skýrsla nefndar um landnotkun, 2010. Bls. 24-25.

<sup>19</sup> Sigurður Jens Sigurðarson, 2012.

<sup>20</sup> Hagstofa Íslands, 2012.